

Fornleifaskráning

Skráningarstaðlar og leiðbeiningar

Fornleifavernd ríkisins
2008

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
I. Inngangur	3
II. Fornleifaskráning og skipulagsmál	4
II.1 Skilgreining á fornleifaskráningu	5
II. 2 Tilgangur fornleifaskráningar	5
II.3 Fornleifar og friðlýstar fornleifar	6
II.4 Svæðisskipulag	7
II.5 Aðalskipulag	8
II.6 Deiliskipulag	9
II.7 Mat á umhverfisáhrifum	10
II.8 Staðardagskrá 21.....	11
III. Skráningarstaðlar fornleifa	12
III.1 Inngangur.....	12
III.2 Heimildir og heimildarvinna	12
III.3 Auðkenni	14
III.4 Einkenni.....	16
III.4.1 Tegund.....	16
III.4.2 Hlutverk	20
III.4.3 Aldur.....	41
III.4.4 Lýsing	41
III.5 Verndunarmat	41
III.5.1 Friðlýsing.....	42
III.5.2 Ástand.....	42
III.5.3 Ef horfin, af hverju?	42
III.5.4 Hættumat	43
III.5.5 Hættuorsök	43
III.6 Staðsetning og umfang.....	44
III.6.1 Hnit	44
III.6.2 Heiti svæðis.....	45
III.6.3 Staðhættir og leiðarlýsing	45
III.6.4 Kort.....	45
III.6.5 Stærð	45
III.6.6 Teikning og ljósmynd.....	46
III.7 Samantekt.....	46
III.8 Skil á gögnum.....	48
Heimildaskrá	49
Útgefið efni.....	49
Óútgefið efni	52
Ítarefni.....	52
Viðauki I	54
Viðauki II.....	55

I. Inngangur

Árið 2004 fól Menntamálaráðuneytið Fornleifavernd ríkisins að vinna að mörkun stefnu á sviði fornleifaverndar á Íslandi. Árið 2005 voru haldnir fundir víða um land með hlutaðeigandi aðilum um þetta málefni. Á fundunum komu meðal annars fram óskir um að Fornleifavernd gæfi út leiðbeiningar um skilgreiningar á skráningu fornleifa og feril mála. Bent var á að sveitarfélög vissu oft ekki hvert ætti að leita í sambandi við fornleifaskráningar og skipulagsmál eða hvaða kröfur væru gerðar til fornleifaskráningar. Einnig var farið fram á það að Fornleifavernd bætti aðgengi að upplýsingum um minjar.

Helstu þættir sem fram komu á þessum fundum um aðgengi að upplýsingum um fornleifar sneru að þörf manna á nákvæmum og aðgengilegum skráum sem væru góð verkfæri við skipulagsmál, en einnig töldu menn aðgengi að greinargóðum upplýsingum um fornleifar geta hindrað umhverfisslys. Dæmi voru nefnd um að lítið þyrfti til að fornleifar skemmdust við framkvæmdir, svo sem við línulagnir. Rík áhersla var lögð á þörf fyrir fornleifakort, sambærileg við örnefnakort, helst á tölvutæku formi. Víða var rætt um sjálfbærni í fornleifavernd með það fyrir augum að skila minjunum í jafngóðu eða betra ástandi en tekið var við þeim og voru menn sammála um að vandaðar fornleifaskrár væru forsenda sjálfbærrar nýtingar, m.a. í ferðaþjónustu, en einnig annarri atvinnuuppbyggingu. Stór hluti ferðamanna um landið kemur vegna náttúru og sögu. Góður gagnagrunnur um fornleifar var talinn nauðsynlegur til að geta leitað að staðreyndum um þessar menningarminjar.¹

Þetta rit er liður í að verða við óskum um skýrar leiðbeiningar, skilgreiningar og staðla í skráningarmálum fornleifa en Fornleifavernd mun einnig leitast við að efla upplýsingamiðlun um þessi mál á heimasíðu sinni www.fornleifavernd.is á næstu misserum.

Samkvæmt skilgreiningu Staðlaráðs er stöðlun "... að vinna kerfisbundið að því að skilgreina skilmála, afurðir og aðferðir, að setja reglur og tryggja tiltekna virkni, að hlutir passi saman og þeir skili því sem af þeim er krafist."² Í dag er skráning fornleifa í höndum ýmissa aðila sem hver skráir í sitt gagnagrunnskerfi og byggir á mismunandi viðmiðum. Þessir gagnagrunnar eru ótengdir og enginn þeirra er, eins og stendur, aðgengilegur á netinu. Nauðsyn þess að skapa heildarsýn yfir fornleifar á landinu er öllum ljós en enn hefur ekki fundist lausn á því hvernig geyma og miðla skuli gögnum um fornleifarskráningu á Íslandi. Hér verið að vinna mikilvægt starf í átt að samræmingu gagna sem er forsenda þess að hægt sé að skapa þessa heildarsýn. Augljóslega ætti samræming sem þessi einnig að vera rannsóknar- og skipulagsaðilum til góða svo samanburður á gögnum sé marktækur. Rétt er að taka fram að eftirfarandi skráningarstaðlar eru fyrst fremst fyrir

¹ Samantekt af fundum sem vinnuhópur um stefnumörkun á sviði fornleifaverndar hélt með hlutaðeigandi aðilum vítt og breitt um landið, 2004-2005. Sólveig Georgsdóttir tók saman. Óútféið. Fornleifavernd ríkisins, 2006.

² <http://www.stadlar.is/um-stadlarad/hvad-er-stodlun/>.

lokaafurð fornleifaskráningar, þ.e. skýrsluna og fylgigögn hennar. Þó hefur verið reynt að taka tillit til þess að skráningaraðilar geyma grunn gögn sín í gagnagrunnum og að þá þarf að laga að stöðlunum. Einnig er rétt að taka fram að hér er um lágmarkskröfur að ræða, þ.e. þær kröfur sem Fornleifavernd ríkisins gerir til fornleifaskráningar í tengslum við skipulagsvinnu svo hún sé talin gild. Ef skráningaraðilar gera samning við sveitarfélögin um auknar rannsóknir samhliða fornleifaskráningunni, t.d. byggðarannsóknir eða heimildasöfnun, hefur Fornleifavernd ríkisins ekkert við það að athuga svo lengi sem kröfum um fornleifaskráningu er fullnægt.

Með þessum stöðlum er alls ekki verið að kollvarpa fyrri hugmyndum um fornleifaskráningu, síður en svo, hér er fremur verið að gera tilraun til að búa til heilsteypa skráningarstaðla og leiðbeiningar sem skráningaraðilar, minjavarðslan, skipulagsyfirlögin og framkvæmdaraðilar geta notað í sinni vinnu. Skráningarstaðlarnir byggja á miklu leyti á “Fornleifaskráning. Skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir” sem Orri Vésteinsson og Guðmundur Ólafsson tóku saman 1997, en einnig “Vinnutilhögun fornleifaskráningar” eftir Bjarna F. Einarsson og ýmis konar innlendu og erlendu efni. Einnig fengust upplýsingar um flokkunar- og skráningarkerfin Sarp, Ísleif og Gagnagrunn Fornleifafræðistofunnar.

Yfirumsjón með þessu verki hafði Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifavernd ríkisins en í undirbúningsnefnd fyrir fyrstu drög skráningarstaðla fornleifa sem send var skrásetjumum í janúar 2006 sátu einnig Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga og Sædís Gunnarsdóttir, þáverandi starfsmaður Fornleifastofnunar Íslands ses. Ábendingar varðandi fyrstu drögin bárust frá starfsmönnum Fornleifaverndar ríkisins, Þjóðminjasafni Íslands, Menntamálaráðuneyti og Fornleifastofnun Íslands ses.

Verkið er unnið í góðri samvinnu við Skipulagsstofnun. Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Guðrún Halla Gunnarsdóttir, Hafdís Hafliðadóttir hjá Skipulagsstofnun lásu ritið yfir á ýmsum stigum og komu með þarfar ábendingar, sérstaklega hvað varðar samræmingu og túlkun laga og reglugerða.

II. Fornleifaskráning og skipulagsmál

Í þjóðminjalögum 2001/107, 10. grein, kemur skýrt fram að enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar má spilla, granda, breyta, hylja, laga eða aflaga né flytja úr stað fornleifar nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaraðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifanna. Því var einnig sett í þjóðminjalög ákvæði þess efnis að skylt “er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við

skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna." Nauðsynlegt er að hafa samband við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast, samanber 10. grein og ekki síst 14. grein sem hljóðar svo:

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggji við broti samkvæmt 177. gr. hegningarlaga, en ekki síst geta tafir og frestun framkvæmda vegna óvæntra fornleifarannsókna í miðju verki haft ónæði og fjárhagslegt tjón í för með sér fyrir framkvæmdaraðila. Því er brýnt að sýna fyrirhyggju og hafa samband við Fornleifavernd ríkisins á frumstigi málsins.³

II.1 Skilgreining á fornleifaskráningu

Í stuttu máli er fornleifaskráning heimilda- og vettvangskönnun á fornleifum, lýsing á ástandi og gerð fornleifanna, aðstæðum og staðsetningu ásamt mati á aldri, hlutverki, og tegund. Fornleifavernd ríkisins telur að fornleifaskráning sé fullnægjandi ef farið hefur verið eftir þeim skráningarstöðlum sem hér eru lagðir fram, og gögnum sé skilað inn til Fornleifaverndar með tilskyldum hætti. Skráning fornleifa á vettvangi skal gerð undir stjórn fornleifafræðings.

II. 2 Tilgangur fornleifaskráningar

Tilgangur fornleifaskráningar er annars vegar að tryggja verndun menningararfsins og hins vegar að auðvelda bæði sveitarfélögum og Fornleifavernd að marka stefnu í minjavörslu. Í sumum tilvikum fara framkvæmdaraðilar fram á það að raska fornleifum vegna framkvæmda. Það er erfitt að taka afstöðu í slíkum málum þegar einungis brot af landinu hefur verið skráð. Auk þess ber sveitarfélögum að marka stefnu í umhverfismálum í skipulagsvinnu sinni og menningarminjar eru vissulega hluti af umhverfinu. Sveitarfélagið getur ekki markað stefnu um minjar sem fáir eða engir vita að eru til, í hvaða ástandi þær eru, né hveurrar tegundar þær eru. Sveitarfélagið þarf að hafa heildarmynd af menningarminjum á sínu svæði og það verður ekki gert án fornleifaskráningar.

³ Þjóðminjalög 2001/107. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/131b/2001107.html> .

II.3 Fornleifar og friðlýstar fornleifar

Í 9. grein Þjóðminjalaga segir:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.⁴

Allar fornleifar á Íslandi eru *friðaðar* en einungis hluti þeirra hlýtur eða hefur hlotið *friðlýsingu*. Samkvæmt þjóðminjalögum teljast allar minjar sem eru 100 ára og eldri til fornleifa. Fornleifavernd ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýsa. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis friðlýstu minjanna en einnig má friðlýsa samfelld svæði. Friðlýsinguna ber að birta í Stjórnartíðindi þar sem ytri mörk eru tilgreind með nákvæmum hætti. “Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað.”⁵

Segja má að með friðlýsingu fornleifa sé verið að tryggja varðveislu ákveðins úrvals minja fyrir komandi kynslóðir sem hafi mikilvægt gildi fyrir þjóðina enda skal kostnaður vegna viðhalds á friðlýstum fornleifum vera greiddur af ríkissjóði.

Sveitarfélög hafa sjálf einnig möguleiga til að vernda sérstaklega svæði vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis með svokallaðri hverfisvernd. Þá er einnig að finna ákvæði í gildandi skipulagsreglugerð um

⁴ Þjóðminjalög 2001/107. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/131b/2001107.html>.

⁵ Þjóðminjalög 2001/107. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/131b/2001107.html>.

afmörkun þjóðminjaverndarsvæða en þau taka “til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.”⁶

II.4 Svæðisskipulag

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar er svæðisskipulag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Svæðisskipulag er landnotkunaráætlun fyrir allt land tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem unnin er að frumkvæði þeirra eða Skipulagsstofnunar til að samræma stefnu sveitarstjórnanna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili. ... Þetta er eðlisræn skipulagsáætlun, þar sem fyrst og fremst eða eingöngu eru sett fram markmið og teknar ákvarðanir sem snerta beint ráðstöfun lands til mismunandi nota eða verndunar. Samvinnunefnd getur takmarkað svæðisskipulagið við þá landnotkunarflokk sem varða sameiginleg hagsmunamál viðkomandi sveitarfélaga og samstaða er um að marka sameiginlega stefnu um en jafnframt þarf að taka á ýmsum takmörkunum sem eru á landnotkun s.s. vegna náttúruvár eða verndunarákvæða af ýmsum toga.⁷

Áætluninni er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda svæðisins með sjónarmið heildarinnar í fyrirrími. “Svæðisskipulagsáætlun er sett fram annarsvegar með markmiðum í skipulagsgreinargerð og hinsvegar með afmörkun svæða og staðsetningu tiltekinna þátta á skipulagsuppdráttum. Markmið skipulagsins skiptast í meginmarkmið og markmið í einstökum málaflokkum.” Í greinargerðinni skal m.a. koma fram hvernig núverandi staða mála er, stefnan, og hvernig markmiðunum verður hrint í framkvæmd þó ekki alltaf með nákvæmum hætti því í sumum tilvikum hentar betur að fjalla um það á síðari stigum, t.d. í aðalskipulagi. Meta þarf svo áhrif tillögunnar á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag – og þar með talið fornleifar.⁸ Fornleifavernd ríkisins veitir umsögn um svæðisskipulagið og byggir umsögn sína á eftirfarandi forsendum:

1. Þegar og ef fjallað er um núverandi stöðu umhverfismála eða annarra mála sem tengjast beint fornleifum, komi skýrt fram á skýringarkorti hversu mikið af svæðinu hefur þegar verið skráð. Þá þarf einnig að koma fram nákvæmni þeirrar skráningar, hvenær skráningin átti sér stað og hver skrásetti.
2. Friðlýstar fornleifar eða minjastaðir skulu merktar inn á skipulagsuppdrátt en þær upplýsingar eiga skipulagsaðilar að geta sótt til Fornleifaverndar ríkisins.
3. Í stefnunni og leiðum að markmiðum skal koma fram hvernig hlutaðeigandi sveitarfélög ætla sér að uppfylla lagalega skyldu sína varðandi skráningu

⁶ Skipulagsreglugerð 400/1998. Sjá <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/8f4a7d7ca32eedc1002565000051607a/4055124e8b989d2300256a62004cf38f?OpenDocument> .

⁷ Hvað er svæðisskipulag?, Skipulagsstofun 2000. Sjá vef Skipulagsstofnunar: http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar_skipulagsmal .

⁸ Hvað er svæðisskipulag?, Skipulagsstofun 2000. Sjá vef Skipulagsstofnunar: http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar_skipulagsmal .

fornleifa og hver stefna þeirra sé varðandi verndun, varðveislu og nýtingu minja sveitarfélagsins.

4. *Í skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru skilgreind.*

Nokkur sveitarfélög hafa farið þá leið að merkja inn allar skráðar fornleifar á skipulagsuppdraetti eða þemakorti en það er augljóslega til mikils hagræðis þegar sveitarfélög marka stefnu í umhverfismálum og í afmörkun á framkvæmdarsvæðum. Þetta á við um öll skipulagsstig.

II.5 Aðalskipulag

Í leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar um aðalskipulag segir:

Aðalskipulag er kjarninn í íslenska skipulagskerfinu. Það nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og í því er mörkuð stefna um framtíðarþróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir deiliskipulagsgerð og stefna svæðisskipulags útfærð, ef slík skipulagsáætlun liggur fyrir. Frumkvæði og ábyrgð á gerð aðalskipulags er hjá sveitarstjórnnum. Stefnumörkun í aðalskipulagi skal ná til a.m.k. 12 ára tímabils og hún skal m.a. taka til íbúafjölda, afmörkunar svæða fyrir íbúðarbyggð, atvinnustarfsemi og útivist, samgangna, verndar náttúru- og menningarminja og verndar vatna- og strandsvæða. Aðalskipulag á að vera virkt stjórnþæki sem nýtist beint við ákvarðanir og aðrar áætlanir sveitarfélags sem snerta ráðstöfun lands á einn eða annan hátt.

Með skipulags- og byggingarlögum sem tóku gildi í ársbyrjun 1998 varð allt land skipulagsskylt og gerð sú krafa til sveitarfélaga að þau hafi gengið frá aðalskipulagi fyrir allt land innan viðkomandi sveitarfélags innan tíu ára frá gildistöku laganna þ.e. árið 2008.⁹

Fornleifavernd leggur ríka áherslu á að sveitarfélög vinni að fornleifaskráningu á sínu svæði. Að lágmarki skulu sveitarfélögin hafa lokið við fornleifaskráningu á þéttbýlisstöðum og helstu framkvæmdasvæðum í samráði við Fornleifavernd ríkisins og að gerð hafi verið áætlun um skráningu annarra svæða. Taka skal fram að þó slíkar undanþágur séu veittar ber sveitarfélagið enn ábyrgð á því að fornleifaskráning fari fram fyrir allt svæðið, hér er einungis verið að veita frest fram að deiliskipulagsgerð eða endurskoðun aðalskipulags. Það er augljóst hagræði í því að skrá fornleifarnar sem fyrst. Bæði getur uppgötvun fornleifa orðið til þess að nauðsynlegt er að endurskoða skilgreiningu á framkvæmdasvæðum í aðalskipulagi, og tafið framkvæmdir vegna nauðsynlegra fornleifarannsókna sem af framkvæmdunum skapast. Fornleifavernd ríkisins veitir umsögn um aðalskipulagið og byggir umsögn sína á eftirfarandi forsendum:

⁹ Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir: *Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags – Ferli og aðferðir*. Rv., Skipulagsstofnun, 2003. Bls. 4-5.

1. Þegar fjallað er um núverandi stöðu umhverfismála eða annarra mála sem tengjast beint fornleifum, komi skýrt fram á skýringarkorti hversu mikið af svæðinu hefur þegar verið skráð. Þá þarf einnig að koma fram nákvæmni þeirrar skráningar, hvenær skráningin átti sér stað og hver skrásetti.
2. Friðlýstar fornleifar eða minjastaðir skulu merktar inn á skipulagsuppdrátt en þær upplýsingar eiga skipulagsaðilar að geta sótt til Fornleifaverndar ríkisins.
3. Í stefnunni og leiðum að markmiðum skal koma fram hvernig hlutadeigandi sveitarfélög ætla sér að uppfylla lagalega skyldu sína varðandi skráningu fornleifa og hver stefna þeirra sé varðandi verndun, varðveislu og nýtingu minja sveitarfélagsins. Ef skráningu fyrir svæðið er ekki fulllokið skal gera áætlun í samráði við Fornleifavernd ríkisins um skráningu þess.
4. Í skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru skilgreind.

II.6 Deiliskipulag

Samkvæmt reglugerð Skipulagsstofnunar er deiliskipulag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila og á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.¹⁰

Fornleifavernd ríkisins veitir umsögn um deiliskipulagið og byggir mat sitt á eftirfarandi forsendum:

1. Fornleifaskráningu jarðar skal vera lokið fyrir deiliskipulagsgerð. Ef um deiliskipulag í þéttbýli er að ræða skal skrá þá jörð eða jarðir sem svæðið tilheyrði áður. Fornleifavernd ríkisins getur veitt undanþágu frá þessu ef deiliskipulagsreitur er lítill hluti jarðar og fyrir liggur áætlun um fornleifaskráningu jarðarinnar í náinni framtíð. Ef skráning jarðar fór fram í tengslum við aðalskipulagsgerð skal hafa samband við Fornleifavernd ríkisins til að fá úr því skorið hvort sú skráning sé fullnægjandi fyrir deiliskipulag.
2. Staðsetningu fornleifa skal merkja inn á skipulagsuppdrátt. Í þéttbýli skulu að auki allar greinanlegar fornleifar¹¹ uppmældar og hnitsettar í ISN93, og umfang þeirra birt á deiliskipulagsuppdrættinum. Í dreifbýli skal uppmæla með þessum hætti þær greinanlegu fornleifar sem teljast í og við

¹⁰ Skipulagsreglugerð 400/1998. Sjá

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/8f4a7d7ca32eedc1002565000051607a/4055124e8b989d2300256a62004cf38f?OpenDocument>.

¹¹ Greinanlegar fornleifar eru þær fornleifar sem greina má á yfirborði.

framkvæmdarsvæði, athafnasvæði og þar sem áætlað er að landnotkun breytist, t.d. haga breytt í skógræktarsvæði.

3. *Í greinargerð deiliskipulagsins skal tilgreina þær fornleifar sem þegar hafa verið skráðar, hlutverk þeirra og tegund, upplýsingar um skráningu, ásamt upplýsingum um nýuppgötvaðar¹² fornleifar á svæðinu.*
4. *Í skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru skilgreind.*
5. *Deiliskipulagið sé í samræmi við samþykkt aðalskipulag hvað varðar verndun menningarminja.*

II.7 Mat á umhverfisáhrifum

Árið 2000 voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum.

Lögum um mat á umhverfisáhrifum er ætlað að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdum sem kunna vegna staðsetningar, starfsemi, eðlis eða umfangs að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, hafi umhverfisáhrif þeirra verið metin. Matinu er einnig ætlað draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða. Ennfremur að kynna umhverfisáhrif framkvæmda fyrir almenningi og stuðla að því að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir.¹³

Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati. Stofnunin veitir Skipulagsstofnun umsögn um hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt um menningarminjar í matsferlinu, tilgreinir hvað þarf að kanna frekar og bendir á mögulegar mótvægisáðgerðir, séu minjar á framkvæmdasvæði. Skráðar upplýsingar um fornleifar eru forsenda þess að Fornleifavernd ríkisins geti veitt Skipulagsstofnun umsagnir. Skráning fornleifa hefur aðeins farið fram á litlum hluta landsins og því er algengt að skrá þurfi fornleifar vegna framkvæmda sem eru umhverfismatsskyldar. Fornleifavernd ríkisins tilgreinir snemma í ferlinu hvaða svæði þurfi að skrá en það fer eftir eðli og aðstæðum framkvæmdanna hversu stórt svæði þarf að skrá. Brýnt er að öll atriði framkvæmdanna sem geta raskað umhverfinu komi fram í skýrslunni. Að öðru leyti gilda sömu viðmið eins og um deiliskipulag væri að ræða.

¹² Hér er átt við fornleifar sem kunna að hafa komið í ljós eftir að hefðbundin fornleifaskráning fór fram.

¹³ Heimasíða Skipulagsstofnunar 15. maí 2006.

<http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/matforsida.html> .

II.8 Staðardagskrá 21

Árið 1992 undirritaði Ísland samþykkt um alþjóðlega framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem nefnist Dagskrá 21. Meginmarkmið áætlunarinnar er að koma fram með stefnu um hvernig eigi að vinna að sjálfbærri þróun samfélaga. Lögð er áhersla á að allir hafi hlutverki að gegna í framkvæmd áætlunarinnar, jafnt einstaklingar sem og sveitarfélög og ríkisvaldið. Sveitarfélög eru hvött til að vinna eigin framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem nefnist Staðardagskrá 21.¹⁴

Aðalskipulag getur gegnt mikilvægu hlutverki sem stjórnþæki til að vernda umhverfið og stuðla að sjálfbærri þróun. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum á að marka stefnu í aðalskipulagi um eðlisræna þætti í þróun byggðar með efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir íbúa að leiðarljósi. Þannig á í aðalskipulagi að setja fram stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu lands, varðveita náttúru- og menningarvermæti og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í aðalskipulagi á jafnframt að koma fram sá rammi sem stýrir annarri skipulags- og áætlanagerð um notkun lands, staðsetningu starfsemi, umgengni við náttúruna og mótun umhverfisins og byggðarinnar almennt.

...

Áherslur, viðfangsefni og aðferðir við aðalskipulagsgerð og staðardagskrá 21 geta farið saman og allur möguleiki er á samtvinnu þessarar áætlunar. Staðardagskrá 21 getur verið undanfari aðalskipulags og að því leyti sem hún inniheldur almenna stefnumörkun um þróun sveitarfélagsins og stefnu í þeim málaflokkum sem aðalskipulag fæst við. Staðardagskrá 21 getur líka þjónað hlutverki við að framfylgja stefnu aðalskipulags þar sem í henni geta verið skilgreindar nákvæmar tímasettar aðgerðir og verkefni. Í þeim tilvikum sem unnið er að báðum áætlunum samtímis þarf að gæta að því að gagnaöflun, forsendugreining og stefnumörkun sé samstíga og samnýtt.¹⁵

Þótt staðardagskrá 21 eigi margt sameiginlegt með aðalskipulagi er staðardagskrá 21 sjálfstæð stefnuýfirlýsing sveitarfélags án íhlutunar Skipulagsstofnunar eða hefðbundinna umsagnaraðila, þ. á m. Fornleifa-verndar ríkisins. Ljóst er þó að gildi slíkrar stefnu eykst verulega ef grunnvinnan er góð. Fornleifaskráning er nauðsynleg forsenda þess að geta komið fram með stefnu um hvernig taka skuli tillit til fornleifa, hvað eigi að leggja áherslu á að vernda og hvað eigi að stefna á að rannsaka frekar. Mælt er eindregið með því að sveitarfélög leiti sér ráðgjafar um þessi mál bæði hjá Fornleifavernd ríkisins og öðrum sérfræðingum á þessu sviði.

¹⁴ *Hvað er svæðisskipulag?*, Skipulagsstofnun 2000. Sjá vef Skipulagsstofnunar: http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar_skipulagsmal.

¹⁵ Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir: *Leiðbeiningar um gerða aðalskipulags – ferli og aðferðir*. Skipulagsstofnun, Rv., 2003. Bls. 20.

III. Skráningarstaðlar fornleifa

Þetta eru þeir staðlar sem Fornleifavernd gerir kröfu um að farið sé eftir svo fornleifaskráning í tengslum við skipulagsgerð teljist fullnægjandi. Þetta er það sem Fornleifavernd ríkisins skilgreinir sem fornleifaskráningu. Þegar kemur að deiliskipulagsstigi gerir Fornleifavernd auknar kröfur til vettvangsvinnunnar, aðallega um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdarsvæðum. Í sumum tilvikum hafa verkkaupar samið við skrásetjara um nákvæma uppmælingu fornleifa á framkvæmdar- og athafnasvæðum strax á aðalskipulagsstigi. Því er mikilvægt að það komi fram í skýrslunni hversu nákvæma skráningu sé um að ræða. Fornleifavernd metur það hvort þörf er á frekari skráningu eða vettvangsvinnu vegna deiliskipulags.

III.1 Inngangur

Hver gerði hvað hvenær og hvernig?

Í skýrslunni/skráningunni þarf að koma skýrt fram hvernig staðið var að skráningunni.

Það þarf að koma skýrt fram í skýrslunni um hversu nákvæma fornleifaskráningu er um að ræða. Var farið yfir allt skráningarsvæðið á skipulagðan hátt og leitað eftir fornleifum og/eða leitað eftir fornleifum sem ritáðar heimildir höfðu gefið vísbendingar um? Nauðsynlegt er að kynna aðdragandann að verkefninu, hver sé verkkaupi, hvert sé tilefnið, hvenær hófst verkið og hvenær lauk verkinu. Þá þarf að koma fram hver vann verkið, hvenær vettvangskönnunin fór fram, útgáfuár og útgáfustað skýrslu.

III.2 Heimildir og heimildarvinna

Hvaðan koma upplýsingarnar? Hvar er hægt að finna meiri upplýsingar?

Heimildarvinna er sjálfsagður hluti af skráningarvinnunni. Leitast skal við að fylgja almennum akademískum kröfum um tilvísanir í heimildir, heimildaskrár og úrvinnslu gagna.

Á Íslandi byggir fornleifaskráning mikið á heimildarvinnu ýmiskonar. Meginmarkmiðið er að gera grein fyrir búsetuþróun á skráningarsvæðinu, týna

saman vísbendingar um hvar og hvers konar fornleifar megi finna á svæðinu. Við viljum skrá fornleifar sem ekki sjást lengur á yfirborði, enda hefur reynslan kennt okkur að oft má finna minjar undir sverði.

Skrásetjarar verða að hafa í huga að því fylgir ábyrgð að ákveða hvað fer inn í fornleifaskrá og hvað ekki. Það má segja að fornleifar sem rata inn í fornleifaskrá hafa aukið vægi sitt að einhverju leyti. Tilvist þeirra er þá orðin minjavörslunni, framkvæmdaraðilum og landeigendum kunn. Þeirri vitneskju fylgir sú ábyrgð að þessum aðilum ber að reyna vernda fornleifar eftir bestu getu, með þeirri vinnu, fyrirhöfn og kostnaði sem því fylgir. Út frá fornleifaskránni eru líka teknar ákvarðanir um hvort einhverjar fornleifar eiga að hljóta sérstaka vernd, hvaða fornleifar megi verða fyrir raski vegna framkvæmda o.s.frv. Íhuga þarf því vel hvað fer í fornleifaskrá og hvað á betur heima sem umfjöllun um hugsanlegar fornleifar í t.d. sögu skráningar svæðis en þar hafa skrásetjarar frjálsari hendur með að koma með tilgátur um tilvist og staðsetningu hugsanlegra fornleifa. Í þessar hugmyndir er svo hægt að sækja ef áður óskráðar fornleifar finnast á svæðinu.

Skrásetjari þarf að huga að því hvernig unnið er úr rituðum heimildum í skýrslunni. Það er á hans ábyrgð að draga ályktanir út frá textanum og setja upplýsingarnar í samhengi við landfræðilegt og samfélagslegt umhverfi fornleifanna.

Í skýrslunni þarf að vera skýrt hvaðan hver tilvitnun kemur, þ.e. tilvísun á eftir hverri tilvitnun, helst í neðanmálgrein. Munnlegar heimildir, viðtöl við ábúendur og/eða svæðiskunnuga, á að vera sjálfsagður hluti af fornleifaskráningu þegar hægt er að koma því við en þessi hluti er yfirleitt ekki unnin fyrr en skrásetjari kemur á vettvang og reynir að staðsetja fornleifarnar. Hver svo sem heimildin er þá á hún að vera skráð með þeim hætti að hægt sé að fylgja rannsókninni/heimildarvinnunni eftir.

Skrásetjarar ættu ætíð að byrja á því að kynna sér þær fornleifarrannsóknir og skráningarverkefni sem þegar hafa farið fram á svæðinu. Það er ómögulegt að koma með tæmandi lista yfir þær heimildir sem skrásetjarar ættu að kanna því það getur verið nokkuð bundið svæðinu sem þeir eru að skrá. Nokkra heimildarflokka er þó rétt að nefna:

- Byggðasögurit
- Fornbréfasafnið
- Bréfabækur
- Sýslu- og sóknarlýsingar
- Jarðabækur
- Fasteignabækur
- Úttektir, jarðaskrár og reikningar
- Fasteignamat
- Ferðabækur og ævisögur
- Landamerkjaskrár, örnefnaskrár/örnefnalýsingar
- Kort, túnakort og loftmyndir

III.3 Auðkenni

Hvert er einkvænt auðkenni fornleifanna?

Í dag er afar misjafnt hvernig fornleifar eru auðkenndar, hvernig þær eru skilgreindar sem einstakar fornleifar eða heild og hvort um er að ræða skráningu minjastaða eða fornleifa. Öll kerfi auðkenna sem eru í notkun í dag miðast að einhverju leyti við það að vísa í skilgreind landssvæði, þ.e. að númer fornleifa gefi til kynna með einhverjum hætti hvaða landssvæði fornleifarnar tilheyra. Yfirleitt er mælt með því að einkvæn auðkenni séu að öllu leyti sjálfstæð og feli ekki í sér aðrar upplýsingar.¹⁶ Þessi svæðisbundnu auðkenni eru einnig leifar frá þeim tíma er skrásetjarar urðu með einhverjum hætti að skrá í gagnagrunna sína staðsetningu fornleifanna. Stuðst var við GPS-punkta og/eða kortatílvísanir en það sagði notendum ósköp fátt án frekari vinnslu úr gögnum, og því var brugðið á það ráð að vísa í skilgreind svæði. Með tilkomu landupplýsingakerfis hefur þetta breyst. Hnit fornleifa hafa að geyma miklar upplýsingar þar sem staðsetningin getur birst í myndrænni framsetningu, t.d. sem punktur á korti eða teikning á loftmynd. sumum tilvikum er ekki hægt að staðsetja fornleifarnar með góðu móti. Í þeim tilvikum er staðsetning fornleifanna skilgreind í landupplýsingakerfinu innan tiltekinnar jarðar. Fornleifavernd ríkisins mun styðjast við landupplýsingakerfi og mun því taka upp nýtt einkvænt auðkenni, sex stafa hlaupandi tölu, til að nýta sér þá kosti sem slíkt kerfi hefur upp á að bjóða, og til að hafa samræmt kerfi auðkenna sem nær yfir **allar** skráðar fornleifar. Haldið verður þó áfram utan um þau númer sem mismunandi skrásetjarar gefa fornleifunum í skýrslum sínum. Fornleifavernd mun ekki, að svo stöddu, úthluta fyrirfram númerum til skrásetjara en þeim býðst að fá númer hjá Fornleifavernd fyrir þær fornleifar sem þeir hafa skráð – eftir að gögnum hefur verið skilað inn með tilskyldum hætti.

¹⁶ Sjá t.d. leiðbeiningar MIDAS (Monument Inventory Data Standard). Ástæðan fyrir þessu er til dæmis sú að mun meiri hættu er á ruglingi vegna auðkennis, til dæmis þegar skrásetjari staðsetur fornleifar vitlaust, þá gefur auðkennið “rangar” upplýsing og skrásetjari neyðist til að breyta auðkenninu. Þetta hefur í för með sér að allar upplýsingar sem hengu á þessu auðkenni þarf einnig að breyta (til dæmis ljósmyndir, teikningar, fyrri skýrslur, o.s.frv.). Þá er einnig þekkt vandamálið með fornleifar sem “virða” ekki svæðismörk, þ.e. eru á mörkum veggja svæða. Hvaða auðkenni fá fornleifarnar þá?

Hjá Fornleifavernd ríkisins fá hverjar stakar fornleifar hlaupandi númer frá 1 til 999999, og mun Fornleifavernd styðjast við þessi númer í umsögnum sínum. Skrásetjarar geta fengið númer hjá Fornleifavernd fyrir þær fornleifar sem þeir hafa skráð eftir að gögnum hefur verið skilað inn með tilskyldum hætti.

Í dag gætir nokkurs ósamræmi í því hvernig skrásetjarar líta á skráninguna, þ.e. er hvort þeir eru að skrá minjastaði eða fornleifar. Þetta er alþekkt vandamál sem fornleifafræðingar glíma við víða um heim. Vandamálið við að skrá stakar fornleifar er hættan á að þær verði slitnar úr samhengi við umhverfi sitt og aðrar tengdar fornleifar. Vandinn við að skrá minjastaði er aftur á móti sá að oft er erfitt að lýsa mörgum, ólíkum fornleifum undir einum hatti, og erfitt að leggja mat á varðveislugildi minjastaðarins án þess að meta hverja stakar fornleifar fyrir sig. Samanburðarrannsóknir á mannvirkjum með visst hlutverk getur einnig verið erfiðar, ef ekki ómögulegar, ef þau eru stundum skráð sem hluti af stórrri heild og stundum stakar. Hvernig á til dæmis að finna öll skráð fjárhús ef þau eru stundum skráðar sem “fjárhús”, og stundum eingöngu skráð sem hluti af heild til dæmis hluti af “seli” eða “býli”?

Miða skal við að stök mannvirki eða náttúruminjar með ákveðið hlutverk teljist til einstakra fornleifa sem hver fær sitt einkvæna auðkenni.

Segjum til dæmis að við höfum heimildir um að kirkja hafi áður staðið þar sem rústir af fjárrétt er að finna í dag – þetta myndum við skrá sem tvær fornleifar með sitt hvort auðkennið, en sömu staðsetningu. Vandamálið eykst aftur á móti þegar eitt mannvirki getur gengt nokkrum hlutverkum. Útihús fjarri bæ gátu til dæmis verið sel á sumrin en fjárhús á veturnar. Hér verður skrásetjari að aðgreina með einhverjum hætti það hlutverk sem hann telur að eigi best við, þ.e. meginhlutverk, en greina einnig frá öðrum hlutverkum.. Annað vandamál blasir við skrásetjara þegar nokkur mannvirki hafa eitt og sama hlutverkið. Sel samanstendur til dæmis oft af nokkrum mannvirkjum, t.d. kvíum, mjólkurhúsi, eldhúsi og fjárhúsi. Ætti að skrá þetta sem eitt auðkenni (sel) eða fjögur (kvíar, mjólkurhús, eldhús og fjárhús)? Lausnina teljum við felast í því að skrá heild eða mengi fornleifa og er í ætt við þá leið sem Norðmenn og fleiri hafa farið í fornleifaskráningu.

Í fornleifaskýrslunni skal koma skýrt fram þegar skrásetjari telur að fornleifar tengist hver annari, þ.e. sé hluti af heild, til dæmis seli, býli, verslunarstað o.s.frv.

Líta má á minjastað sem mengi fornleifa sem finnast á tilgreindum stað sem á einhvern hátt skrásetjari telur að séu “skyldar”, þ.e. tilheyri sömu heildinni. Með því að gefa hverri fornleif einkvænt auðkenni má setja hana í mismunandi mengi, allt eftir túlkun, án þess að upplýsingar um hana glatist. Í dag hefur verið töluverð umræða um menningarminjaheildir og í náinni framtíð mun áhersla á verndum ýmissa slíkra heilda verða aukin. Möguleikinn til þess að mynda mismunandi mengi skráðra fornleifa mun því verða mikilvægt tól fyrir minjavörsluna þegar taka þarf ákvarðanir um verndun menningarminja. Dæmi um minjaheild gæti verið; býli, herstöð, kirkjustaður, klaustur, sel, verstöð, verslunarstaður, þingstaður/dómstaður.

III.4 Einkenni

Hvað er þetta? Hversu gamalt er það?

Þetta eru algengustu spurningar sem skrásetjarar eru að fást við í fornleifaskráningunni. Svörin við þessum spurningum mynda “einkenni” fornleifanna.¹⁷

Tegund fornleifa lýsir því sem skrásetjari hefur í höndunum í dag, t.d. tóft, hleðslu, garðlag eða heimild, en **hlutverk** lýsir hlutverki mannvirkisins/viðfangsefnisins þegar það var í notkun.

Skilgreining á tegund og hlutverki er í sífelldri endurskoðun eftir því sem þekking okkar á menningararfinum eykst. Uppfærðan lista tegunda og hlutverka, með nánari útskýringum, verður því hægt að nálgast á heimasíðu Fornleifaverndar ríkisins, www.fornleifavernd.is.

III.4.1 Tegund

Eins og sjá má á Þjóðminjalögunum¹⁸ þá er skilgreiningin á því hvað teljist til fornleifa afar við. Tegund er ætlað að lýsa því sem fyrir augu skrásetjara ber þegar á vettvang er komið og skal vera, framar öllu, lýsing á eðli, formi og jafnvel efnivið viðfangsefnisins.

¹⁷ MIDAS, 38.

¹⁸ Þjóðminjalög 2001/107. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/131b/2001107.html>.

áletrun kv.

[**skilgr.**] Myndir eða stafir sem hafa verið höggðir eða ristir á steina, kletta eða aðrar náttúruminjar.

[**enska**] inscription.¹⁹

dæld kv.

[**skilgr.**] Laut, dokk eða skál í landslagi sem skrásetjari telur vera leifar fornra mannvirkja.

[**skýr.**] Leifar tófta í túni sem hafa verið sléttaðar mynda oft dældir eða skálar í túninu. Einnig getur áfok valdið að því einu vísbendingarnar um staðsetningu tófta eru dældir.

[**enska**] hollow.

flak hv.

[**skilgr.**] Leifar skips/bátar/loftfars sem hefur sokkið eða orðið fyrir slíkum skemmdum að það komi ekki lengur að gagni.

[**skýr.**] Lítið hefur verið gert að því að skrá neðansjávarminjar en nýlega hefur eitt skipsflak og eitt flugvélaflak verið friðlýst af Fornleifavernd ríkisins.

[**enska**] wreck.²⁰

frásögn kv.

[**skilgr.**] Munnleg heimild um fornleifar.

[**skýr.**] Hluti af fornleifaskráningu er að leita upplýsinga um fornleifar hjá staðkunnugum.

[**enska**] narrative.

garðlag hk.

[**sh.**] garður

[**skilgr.**] Hverskyns garðhleðsla úr torfi eða grjóti sem ekki er veggur í húsi eða tóft.

[**skýr.**] Garðlög hafa verið hlaðin í ýmsum tilgangi en þó oftast til að hafa stjórn á skepnum eða til að afmarka svæði, t.d. landareign.

[**enska**] wall.²¹

gata kv.

[**skilgr.**] Rásir eða troðningar sem myndast hafa af endurtekinni umferð manna og hrossa.

[**enska**] path.²²

gjall hk.

[**skilgr.**] Gjall er samheiti yfir úrgang sem myndast við járngerð með rauðablæstri. Það finnst í storknuðum slettum þar sem járnvinnsla eða

¹⁹ Orri Vésteinsson, Guðmundur Ólafsson:Fornleifaskráning, skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir.

²⁰ NMR Monument Type Thesaurus. http://thesaurus.english-heritage.org.uk/thesaurus.asp?thes_no=1.

²¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

²² Orri Vésteinsson, Guðmundur Ólafsson:Fornleifaskráning, skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir.

-smíðar hafa farið fram og er eftir því nefnt ýmist blástursgjall eða smíðagjall.

[skýr.] Gjall er gjarnan blöðrótt og frauðkennt að sjá en hart og oftast þungt í sér. Það inniheldur ýmis steinefni sem hafa lægra bræðslumark en járn.

[enska] slag.²³

heimild kv.

[skilgr.] Rituð heimild um fornleifar.

[skýr.] Hluti af fornleifaskráningu er að leita upplýsinga um fornleifar í rituðum heimildum.

[enska] written sources, documents.

hellir (manngerður) kk.

[skilgr.] Manngerðir hellar eru göng eða hvelfingar sem menn hafa holað í hart eða hálfhart berg.

[skýr.] Manngerðu hellarnir eru misstórir, frá örfáum fermetrum til 200 fermetra. Vitað er um hátt á annað hundrað manngerða hella á landinu, allir fyrir utan fjóra eru á Suðurlandi. Í mörgum hellanna eru gamlar veggristur. Þessir hellar voru aðallega notaðir sem skýli fyrir skepnur eða geymslur.

[enska] man made cave.²⁴

hleðsla kv.

[skilgr.] Torf og eða grjót sem er hlaðið upp í lögum hvort ofan á öðru.

[skýr.] Oft er um að ræða lítinn stakan vegg eða veggjarbrot.

[enska] stack or small wall made of stones and/or turf.

hóll kk.

[skilgr.] Lítil ávöl hæð sem sker sig úr úmhverfinu.

[skýr.] Bæjarhólar og öskuhólar/-haugar eru dæmi um manngerða hóla sem myndast á löngum tíma. Bæjarhólar myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf- og sorplögum en öskuhaugar úr ösku, beinum og öðrum úrgangi. Þá hafa sagnir oft bent á hóla sem haug, þ.e. legstað heiðins manns.

[enska] mound.²⁵

hús hv.

[skilgr.] Bygging undir þaki.

[enska] house.²⁶

jarðræktarsvæði hv.

[skilgr.] Svæði sem hefur verið unnið með einhverjum hætti (plægt, herfað, sléttað, upp stungið) til að yrkja/rækta jörðina.

²³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

²⁴ Agnes Stefánsdóttir, Kristinn Magnússon: *Úttekt á manngerðum hellum á Suðurlandi sumarið 2003*, 1.

²⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/. Sjá umfjöllun um bæjarhóla og öskuhauga í orðasafni. - *Íslensk orðabók A-L*,. 631.

²⁶ Orri Vésteinnsson, Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskráning, skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir.

[skýr.] Dæmi um jarðræktarsvæði eru gömul tún, akrar og sumum tilfellum matjurðagarðar.

[enska] cultivated land/area.²⁷

lausafundur kk.

[skilgr.] Lausafundur er fundur, oftast gripur eða bein, sem finnst á víðavangi, yfirleitt fyrir tilviljun og oft án samhengis við aðrar minjar.

[enska] stray find.²⁸

mannvistarleifar kv.

[skilgr.] Mannvistarleifar eru hvers kyns leifar sem hafa orðið til er vegna umsvifa eða búsetu manna.

[skýr.] Mannvistarleifar má t.d. sjá sem lag í rofabarði og getur verið gólflag, sorplag, veggur eða hrun.

[enska] occupation remains, cultural layer.

náttúruminjar kv.ft.

[skilgr.] Náttúrulegt fyrirbæri sem annaðhvort hefur fengið hlutverk mannvirkis eða tengist menningarsögu á einn eða annan hátt.

[skýr.] Dæmi um náttúruminjar eru álagablettir, hellar sem hafa verið notaðir sem fjárskýli og aflraunasteinar.

[enska] natural feature.²⁹

niðurgröftur kk.

[skilgr.] Hver sú eind sem hefur verið grafin niður, t.d. gryfjur, holur og rennur.

[enska] dig, cut, ditch, hole.

niðurgröftur með hleðslu

[skilgr.] Hver sú eind sem hefur verið grafin niður og styrkt að innan með hleðslu.

[skýr.] Hér getur verið um að ræða brunna og í sumum tilvikum húsagrunnar.

[enska] dig / ditch / hole strengthen with stone or turf wall.

rutt svæði hv.

[skilgr.] Svæði sem hefur verið rýmkað, t.d. hreinsað af grjóti.

[skýr.] Dæmi um rutt svæði geta verið lendingar þar sem grjót hefur verið fjarlæggt til að auðvelda aðkomu skipa/báta.

[enska] cleared area.

steinalögn kv.

[skilgr.] Einfalt lag steina eða steinaröð sem mynda einhvers konar form og virðast því vera manna verk.

[skýr.] Hér getur verið um að ræða einhvers konar stéttir, leifar varða eða kuml.

[enska] single layer of stones.

steinsteypa kv.

[skilgr.] Mannvirki gert úr steinsteypu.

²⁷ Íslensk orðabók A-L, 730-731.

²⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

²⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skýr.] Upp úr 1880 fóru Íslendingar að veita steinsteypunni athygli og árið 1895 reis fyrsta svokallaða steinsteypuhús að Sveinatungu í Borgarfirði en áður höfðu menn gert tilraunir með steypusteinahús. [enska] concrete.³⁰

tóft kv.

[skilgr.] Tóft er (oft vallgrónar) leifar af hrundu mannvirki sem hefur verið hlaðið úr torfi og/eða grjóti. [enska] ruin.³¹

tréverk hk.

[skilgr.] Eitthvað sem er að mestu gert úr tré. [skýr.] Við Íslendingar eigum fáar minjar úr tré frá fyrri öldum en er fram kemur á 20. öldina fer notkun á tré í mannvirkjum að aukast. [enska] woodwork.

varða kv.

[skilgr.] Uppmjó hleðsla úr grjóti eða torfi. [skýr.] Vörður voru gjarnan hlaðnar sem leiðarvísar, eyktamörk eða landamerki. Oft hafa þær þó engan sýnilegan tilgang og hafa vafalaust verið hlaðnar til gamans, t.d. smalavörður, hlaðnar af smölum í hjásetum. [enska] cairn.³²

þúst kv.

[skilgr.] Ójafna eða þúfa/-ur sem skrásetjari á vettvangi telur að sé einhvers konar mannvirki. [enska] formless/indistinct ruin.³³

III.4.2 Hlutverk

Við val á hlutverkum er nauðsynlegt að finna hugtök sem lýsa vel hlutverki viðkomandi minja. Ef fleiri en eitt hlutverk koma til greina, á eitt og sama mannvirkið, verður skrásetjari að velja það sem lýsir best notkun mannvirkisins og gera grein fyrir öðrum hlutverkum í athugasemdum eða lýsingu. Listi þessi yfir hlutverk er að miklu leyti byggður á nýlegu orðasafni í fornleifafraeði sem er samvinnuverkefni Fornleifastofnunar Íslands ses og Félags íslenskra fornleifafraeðinga.

Mælst er til þess að skrásetjari hafi val um víða greiningu og nákvæma á flokkun í gagnagrunni en tryggja að allur skalinn geti birst við fyrirspurn ef það er vilji spyrils. Listi yfir hlutverk verður seint tæmandi enda bætast alltaf við nýjar minjar sem eru friðaðar vegna 100 ára reglunnar. Við biðjum því skrásetjara skrá hlutverk sem ekki eru nefnd hér með stórum stöfum til aðgreiningar og mun Fornleifavernd leitast við að hafa uppfærðann lista á

³⁰ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingarfræði* I, 319.

³¹ Orðasafn í fornleifafraeði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

³² Orðasafn í fornleifafraeði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

³³ *Íslensk orðabók* A-L, 1844. - Orri Vésteinsson, Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskráning, skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir.

heimsíðu sinni með skýringum og skilgreiningum sem tekur mið af ábendingum skrásetjara.

aflraun kv.

[**skilgr.**] Prautir til að reyna afl sitt og sína fram á manndóm.

[**skýr.**] Yfirleitt lausir steinar, misþungir, sem drógu nafn sitt af þeirri nafnagift sem gerendur gátu öðlast við að lyfta steinum. Dæmi um slík nöfn eru Amlóði, Hálfsterkur og Fullsterkur.

[**enska**] test of strength.³⁴

aftökustaður kk.

[**skilgr.**] Staður þar sem fólki var refsað með lífláti fyrir afbrot.

[**skýr.**] Oft á tíðum er um náttúruminjar að ræða, t.d. var nokkuð algengt að menn væru líflátnir með því að hengja þá í gálga í klettum og konum var drekkt í hylum. Nokkur örnefni geta bent til aftökustaða, svo sem Gálgaklettar, Gálgahraun og Drekkingshyldur. Afbrotamenn sem líflátnir voru mátti ekki grafa í vígðri mold og skyldu þeir dysaðir við aftökustaðinn.

[**enska**] place of execution.³⁵

akur kk.

[**skilgr.**] Afmarkað svæði og oft afgirt, stungið upp eða plægt, þar sem kornplöntur voru ræktaðar, t.d. bygg og hafrar en einnig lín.

[**skýr.**] Ritaðar heimildir, fornleifarannsóknir og örnefni benda til að akuryrkja hafi verið stunduð á Íslandi fram á miðaldir.

[**enska**] arable field, agricultural field.³⁶

álagablettur kk.

[**skilgr.**] Afmarkaður staður sem álög hvíldu á, mjög oft í slægjulandi.

[**skýr.**] Mátti þá ekki slá blettinn en væri það gert hafði það slæmar afleiðingar í för með sér, jafnvel dauða. Oft voru álagablettir tengdir huldufólki.

[**enska**] cursed area.³⁷

[**yfirfl.**] þjóðtrú.

áveita kv.

[**skilgr.**] Mannvirki sem var ætlað að stýra vatnsrennsli.

[**skýr.**] Áveitur gátu samanstðið af hlöðnum gördum, stíflum og skurðum. Þær voru oftast byggðar til að veita vatni á akra eða slægjuland en einnig var algengt að veita lækjum heim að bæjum til þvotta og neyslu. Fátt er vitað um áveitur á Íslandi til forna en þær urðu algengar á umbótaskiði í landbúnaði á 19. öld og í upphafi þeirrar 20.

[**enska**] irrigation.³⁸

bátferja hk.

³⁴ *Íslensk orðabók A-L*, 12.

³⁵ Páll Sigurðsson: *Brot úr réttarsögu*. – Páll Sigurðsson: *Svipmyndir úr réttarsögu*.

³⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

³⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

³⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skilgr.] Staður þar sem fólk var að jafnaði flutt yfir vatnsfall á báti.

[enska] boat ferry.³⁹

beðslétta kv.

[skilgr.] Tún, sléttur með reglulegum beðum eða kúfum.

[skýr.] Árið 1874 kom Guðmundur Ólafsson frá Fitjum í Skorradal fram með þá hugmynd að menn ristu ofan af ósléttum túnnum, mokuðu moldinni upp í beð og legðu þökurnar aftur yfir. Hugmyndin á bak við þessar svokölluðu beðsléttur var að beðin eða kúfarnir kæmi í veg fyrir að pollar mynduðust í túninu og drægi þannig úr hættunni á svellkali.

[enska] field made of beds.⁴⁰

beitargarður kk.

[samheiti] hagagarður.

[skilgr.] Garðar sem lágu heiman frá fjárhúsum og til fjalls eða haga.

[skýr.] Garðarnir stóðu upp úr snjónum og var féð rekið eftir þeim til haga. Helst að finna þessa garða á snjóþungum svæðum og er Svarfaðardalurinn nefndur sem dæmi.

[enska] a wall used as a way to the outfield in a heavy snow.⁴¹

beitarhús hk.

[skilgr.] Fjárhús utan túns, oft fjarri bæ, sem miðuðu að því að nýta útbeit eða fjörubeit.

[skýr.] Hugtakið var oft notað í fleirtölu og var talað um „að hafa fé á beitarhúsum“. Annað hugtak sem stundum var notað yfir beitarhús er „hagahús“.

[enska] sheephouse in the outfield.⁴²

blótkelda kv.

[skilgr.] Kelda þar sem mönnum var fórnað í heiðni.

[skýr.] Minnst er á blótkeldu í Kjalnesinga sögu þar sem sagt er frá blótsiðum Þorgríms á Hofi: „En mönnum er þeir blótuðu skyldi steypa ofan í fen það er úti var hjá dyrunum. Það kölluðu þeir Blótkeldu.“⁴³

[enska] sacrificial bog.

bólverk hv.

[skilgr.] Hlaðið hafnarmannvirki eða hafskipabryggja.

[skýr.] Komið af danska orðinu bólverk sem þýðir viðlegukantur eða bryggjuþil. Af heimildum að dæma á bólverk aðallega við um mannvirki frá því kringum 1900.

[enska] pier or protective wall made of stones.⁴⁴

brennisteinsnáma kv.

[skilgr.] Náma þar sem brennisteinn var tekinn.

³⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁴⁰ Magnús Óskarsson: „Þættir úr sögu túnræktar“, 57-83.

⁴¹ Jónas Jónasson: *Íslenzkir þjóðhættir*, 101.

⁴² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁴³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁴⁴ Sigurður Sigurfinnsson: „Gömul örnefni í Vestmannaeyjum“, 12. - Gísli Brynjólfsson: „Úttekt á Stað“, 9. – Gísli Sigurðsson: „Viðey. Stórbúskapur og Milljónafélag“, 6. - *Íslensk orðabók A-L*, 157.

[skýr.] Brennisteinsnámur voru á nokkrum háhitasvæðum á Íslandi, t.d. í Námaskarði og Krýsuvík.

[enska] sulphur mine.⁴⁵

brunnhús hk.

[skilgr.] Hús eða kofi sem var byggður annaðhvort yfir brunn eða læk.

[enska] well house.⁴⁶

brunnur kk.

[skilgr.] Manngerð hola eða gryfja sem grunn- eða lindarvatn safnaðist í, oft styrkt að innan með hleðslu.

[enska] well.⁴⁷

brú kv.

[skilgr.] Mannvirki sem tengdi tvo staði saman yfir vatnsfall eða aðra torfæru. Gat einnig verið upphækkaður vegur yfir mýri.

[skýr.] Engjavegur og jarðbrú myndi flokkast undir brú.

[enska] bridge.⁴⁸

bryggja kv.

[skilgr.] Garður eða pallur sem skip lágu við í höfn.

[skýr.] Bryggjusporður eða bryggjuhaus var fremsti hluti bryggjunnar en bryggjupallurinn hvíldi á bryggjustaurum eða –stólpum.

[enska] dock.⁴⁹

burstabær kk.

[skilgr.] Bær með bæjarhúsum í röð með samhliða stöfnum.

[skýr.] Á 18. öld koma fram nýjar hugmyndir um húsaskipan. Húsunum var raðað hlið við hlið og sneru gaflarnir fram á hlað. Norðlendingar létu sér nægja að snúa aðeins frambænum en bakhúsin héldu sinni stöðu. Þessi húsagerð var ráðandi á Íslandi frá 18. öld og fram á 20. öld.

[enska] gabled farmhouse

[yfirfl.] hýbýli.⁵⁰

búð kv.

[skilgr.] Samheiti yfir mannvirki með hlöðnum veggjum sem búíð var í tímabundið á þing- og verslunarstöðum eða í veri (sjá verbúð).

[skýr.] Oft voru búðir þaklausar en þó ekki alltaf. Oftast hefur sennilega verið tjaldað yfir búðir meðan hafst var við í þeim.

[enska] booth.⁵¹

bæjarhóll kk.

[skilgr.] Hóll sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf- og sorplögum þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldaðir.

⁴⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁴⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁴⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁴⁸ *Íslensk orðabók A-L*, 178.

⁴⁹ *Íslensk orðabók A-L*, 181.

⁵⁰ Guðmundur Ólafsson, Hörður Ágústsson: *Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins*, 30.

⁵¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skýr.] Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkurra metra þykkir.

[enska] farm mound.⁵²

býli hv.

[skilgr.] Sveitabær, bújörð. Býli er heiti yfir byggingar og land sem tilheyrir búskap á afmörkuðum stað.

[skýr.] Býli er fremur minjaheild en stakt skráningaratriði sem skráð er á vettvangi. Í sumum tilvikum skráð ef tegund er *heimild* eða *frásögn* og ekki vitað nánar hvaða mannvirki voru á staðnum.

[enska] farm.

bænhús hk.

[skilgr.] Lítil kristin guðshús.

[skýr.] Yfirleitt var um eins konar heimiliskapellur að ræða án graftarréttar eða skírnarréttar, en gat einnig verið að finna við alfaraleiðir og þjónað um leið hlutverki sæluhúss. Benda má á að Kristján Eldjárn taldi að biskup hefði leyft gróft að flestöllum kirkjum og bænhúsum enda mikið hagsmunamál fyrir bændur að sleppa við erfiða líkflutninga.

[enska] chapel.⁵³

dómhringur kk.

[skilgr.] Dómhringur var algengt hugtak hjá fornfræðingum á Íslandi á 19. öld og í upphafi þeirrar 20. Það var oftast notað um hringlaga tóftir en einnig tóftir með annarri lögun.

[skýr.] Dómhringar voru taldir menjar þingstaða, en sagt er frá dómhringum í nokkrum fornsögum. Rannsóknir hafa sýnt að margar tóftir sem kallaðar hafa verið dómhringar eru af annars konar mannvirkjum, t.d. kirkjugörðum og gerðum þar sem ræktun fór fram. Sjá umfjöllun um lögréttur.

[enska] court circle.⁵⁴

dragferja kv.

[skilgr.] Bátur eða prammi sem dregin var yfir vatnsfall eftir streng.

[skýr.] Minjar eftir dragferju geta t.d. verið stólpar eða undirstöður hvorum megin vatnsfallsins fyrir strenginn.

[enska] ferryboat.

[yfirfl.] ferja /ferjustaður.⁵⁵

dyngja kv.

[skilgr.] Hús með niðurgröfnu gólfi, notað í ýmsum tilgangi svo sem geymsla eða vinnustöð kvenna.

[skýr.] Nokkrar slíkar byggingar hafa fundist á Íslandi, í flestum tilvikum í sambandi við landnám á 10. öld.

[enska] pit house.⁵⁶

⁵² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁵³ Hjalti Hugason: "Kristnir trúarhættir", 82-96.

⁵⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁵⁵ Helgi Hallgrímsson: *Lagarfljótt. Mesta vatnsfall Íslands*, 179-190.

dys kv.

[**skilgr.**] Upphækkuð gröf, yfirleitt hulin grjóti.

[**skýr.**] Fram á 19. öld voru líflátnir sakamenn og þeir sem fröndu sjálfsmorð ekki jarðaðir við kirkju heldur dysjaðir út á víðafangi, fjarri bæjum. Sakamennirnir voru ofast dysjaðir við aftökustaðinn. Stundum var orðið dys notað yfir allar grafir heiðinna manna en yfirleitt er nú talað um kuml eða kumlateig.

[**enska**] burial place.

[**yfirfl.**] legstaður.⁵⁷

eyktamark hk.

[**skilgr.**] Eyktamark (einnig: eyktarmark) var fastur punktur í landslagi sem var notaður sem viðmið við sólargang til að vita hvað tímanum leið.

[**skýr.**] Eyktamark gat verið t.d. varða eða fjallstindur. Til forna var sólarhringnum skipt upp í eyktir: miðnætti, óttu, miðjan morgun, dagmál, hádegi, nón, miðaftan og náttmál.

[**enska**] timemarker.⁵⁸

[**yfirfl.**] kennimark.

ferja kv. / ferjustaður kk.

[**skilgr.**] Bátur, kláfur eða prammi sem notaður var til að ferja fólk og stundum skepnur yfir vatnsföll á sérstökum stað, ferjustað.

[**skýr.**] Talað var ýmist um bátferju, kláfferju eða dragferju. Hugtakið ferja merkti stundum ferjustaður. Ferjudráttur var lögbundinn á Íslandi í margar aldir.

[**enska**] ferry / ferry place.⁵⁹

[**undirfl.**] Bátferja, kláfferja, dragferja.

fiskasteinn kk.

[**skilgr.**] Stór, oft jarðfastur, steinn með flatt yfirborð sem notaður var til þess að berja harðfisk á.

[**skýr.**] Yfirborð slíkra steina er oft slitnið eftir mikla notkun.

[**enska**] fish stone.⁶⁰

fiskreitir kk.

[**skilgr.**] Afmarkaður staður, stundum sléttastæði eða hellulagður, þar sem saltfiskur var breiddur út til þurrkunar.

[**enska**] paved fish drying area.⁶¹

fjárborg kv.

[**skilgr.**] Hringlaga byrgi ætlað til skjóls fyrir fé, einkum útigangsfé.

⁵⁶ Guðmundur Ólafsson: *Hjálmsstaðir í Laugardal. Jarðhús og hjálmar*, 7. - Óbirt grein eftir Þór Hjaltalín sem ber heitið "Factors in the design and development of fortified sites: the case of Souterrains in Iceland and their Irish connection". - *Íslensk orðabók A-L*, 244.

⁵⁷ Jónas Jónasson: *Íslenzkir þjóðhættir*, 308. - Hjalti Hugason: "Kristnir trúarhættir", 281. - *Íslensk orðabók A-L*, 245.

⁵⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁵⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁶⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁶¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skýr.] Af heimildum að dæma hafa verið til tvenns konar fjárborgir: Annarsvegar borghlaðnar upp í topp og hinsvegar opnar að ofanverðu. [enska] round sheep shelter.⁶²

fjárhús hk.

[skilgr.] Hús undir sauðfé, yfirleitt í eða við tún.

[skýr.] Stærð fjárhústófta er breytileg en oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla upp við útveggi undir jötur. Þá má oft sjá merki þess að hlaða eða heytóft hafi verið áföst fjárhúsunum.

[enska] sheep house.⁶³

fjárskýli hk.

[skilgr.] Hvers kyns skýli fyrir fé, annað en fjárhús.

[skýr.] Fjárskýli gat t.d. verið fjárhellir eða fjárborg.

[enska] sheep shelter.⁶⁴

fjós hk.

[skilgr.] Hús sem nautgripir, aðallega mjólkurkúr, voru hýstir í.

[skýr.] Í fjósum frá miðöldum sem grafin hafa verið upp á Íslandi er oftast steinlagður flór eftir miðju hússins en beggja megin við hann básar, stundum aðskildir með báshellum.

[enska] byre.⁶⁵

framræsla kv.

[skilgr.] Skurðir eða rásir til að ræsa fram land, yfirleitt mýrar.

[skýr.] Tilgangur framræslu var að losna við laust vatn af yfirborði jarðvegs, auka frjósemi landsins og breyta gróðurfari. Þetta var gert til að búa til tún eða auka haga. Framræsla var annars vegar gerð með opnum skurðum og hins vegar með lokræsum til að fá stærri samfelldar túnspildur. Fyrstu lokræsin voru gerð upp úr 1900. Fyrsta skurðgrafan kom ekki til landsins fyrr en árið 1922. Árið 1929 voru fyrstu kíplógarnir reyndir á Íslandi en sú framræsluáferð náði lítilli útbreiðslu fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld. Mesta framræslan fór fram fram á árunum 1940-1970 og var í hámarki á sjöunda áratugnum.

[enska] drainage ditch.⁶⁶

gangabær kk.

[skilgr.] Bær sem samanstóð af mörgum sambyggðum herbergjum eða húsum og einkennist af göngum frá bæjardyrum, stuttum eða löngum, sem tengja saman hinar ýmsu einingar í honum. Inngangurinn var yfirleitt fyrir miðju.

⁶² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁶³ Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga: *Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð*, 7.

⁶⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁶⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁶⁶ Jónas Jónsson: "Landbúnaður á Íslandi", *Rafræn útgáfa*. Sjá <http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/fbdc911b0ee259d500256cbb005789b4?OpenDocument&Highlight=0,framr%C3%A6sla>.

Árni Snæbjörnsson: "Framræsla lands – kílræsi", 27-30. – Borgþór Magnússon, Sturla Friðriksson: "Framræsla mýra", 141-159. – Magnús Óskarsson: "Þættir úr sögu túnræktar", 57-83.

[skýr.] Hugtakið nær yfir bæjargerð sem var ráðandi á Íslandi á tímabilinu 14. öld og fram á 19. öld.

[enska] passage farm.⁶⁷

[yfirfl.] hýbýli.

geitakofi kk.

[skilgr.] Kofi sem geitur voru hýstar í.

[skýr.] Geitakofar voru algengastir á Norðausturlandi og virðast í flestum tilfellum hafa verið utan túns.

[enska] goat shed.⁶⁸

grafreitir kk.

[skilgr.] Afmarkaður staður eða reitur þar sem fólk var greftrað.

[skýr.] Yfirleitt er talað um grafreit ef hvorki er átt við kirkjugarð eða kumlateg. Heimagrafreitir eru á allmörgum bæjum á Íslandi, flestir frá lokum nítjándu aldar eða upphafi þeirrar tuttugustu.

[enska] cemetery.⁶⁹

gröf kv.

[skilgr.] Niðurgröftur eða gryfja, hinsta hvíla manns eða jafnvel skepnu.

[enska] grave.⁷⁰

[yfirfl.] legstaður.

gæsarétt kv.

[skilgr.] Lítil rétt sem gæsir í sárum voru reknar í til slátrunar.

[enska] goose trap.⁷¹

haugur kk.

[skilgr.] Legstaður heiðins manns sem einkennist af haugi, þ.e. jarðvegi eða grjóti sem hefur verið hrúgað eða hlaðið ofan á gröfina.

[skýr.] Í fornritum er oft talað um legstaði fornanna sem hauga.

Eiginlegir haugar sjást þó sjaldan á Íslandi og fáir hafa verið rannsakaðir. Stundum var orðið haugur notað yfir alla legstaði heiðinna manna og geta t.d. örnefnaskrár verið misvísandi í þessu sambandi.

[enska] pagan burial mound.⁷²

[yfirfl.] legstaður.

herminjar kv.

[skilgr.] Allar minjar sem eru til vitnis um setu og umsvif hersins.

[skýr.] Á Íslandi eru flestar ef ekki allar herminjar frá því um og eftir síðari heimsstyrjöld, t.d. skotbyrgi, braggar, varðturnar, radarstöðvar og kamrar.

[enska] military remains.⁷³

⁶⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/. – Guðmundur Ólafsson, Hörður Ágústsson: *Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins*, 20-30.

⁶⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁶⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

herslubyrgi hv.

[sh.]fiskbyrgi hv.

[skilgr.] Grjóthlaðið byrgi sem fiskur var hengdur upp í til þurrkunar.

[skýr.] Herslubyrgi voru gjarnan höfð með gisnum hleðslum, á hæðum eða öðrum stöðum þar sem vindur gat leikið um þau.

[enska] fish drying shed.⁷⁴

herslugarður kk.

[skilgr.] Grjóthlaðinn garður til að þurrka fisk á.

[enska] fish drying fence.⁷⁵

hestasteinn kk.

[skilgr.] Stór steinn til að tjóðra hesta við, yfirleitt heim við bæ.

[skýr.] Oftast hefur annaðhvort verið gert gat í gegnum steininn eða járnlykkja verið fest við hann svo þræða mætti taum í gegn.

[enska] horse stone, tethering stone.⁷⁶

hesthús hk.

[skilgr.] Bygging til að geyma hesta í.

[skýr.] Á Íslandi var algengt að hross gengju úti og yfirleitt aðeins reiðhestar hýstir. Hesthús voru oft í túnjöðrum eða sambyggð stærri útihúsum, t.d. fjárhúsum.

[enska] stable.⁷⁷

heygarður kk.

[skilgr.] Staður þar sem hlaðið var um hey til geymslu, ýmist heim við bæ eða úti á engjum.

[skýr.] Á Suðurlandi höfðu menn oft heygarða í stað hlaðna allt fram til upphafs 20. aldar. Heygarðurinn var þá hluti af bæjarsamstæðunni, að húsabaki.

[enska] hay rick, hey store.⁷⁸

híbýli hv.

[skilgr.] Heimili, bústaður.

[skýr.] Á Íslandi voru menn og dýr yfirleitt ekki undir sama þaki þó þekkast nokkrar undantekningar. Til dæmis þekktust fjósbaðstofur og götubaðstofur þar sem fjósið var á neðri hæðinni og ívera fólksins á efri hæðinni en þannig nýttist hitinn frá skepnunum. Híbýlin samanstóðu yfirleitt af nokkrum herbergjum eða húsum með mismunandi hlutverk, t.d. baðstofa, búr, eldhús, stofa og skemma.

[enska] home, residence, dwelling.

[undirfl.] burstabær, gangnabær, skáli.⁷⁹

hlaða kv.

[skilgr.] Hús sem hey er geymt í.

[enska] hay barn.⁸⁰

⁷⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁷⁹ Guðmundur Ólafsson, Hörður Ágústsson: *Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins*.

hof hv.

[**skilgr.**] Mikil bygging og/ eða guðshús heiðinna manna.

[**skýr.**] Fornfræðingar á 19. aldar og í byrjun 20. aldar höfðu mikinn áhuga á hofum eins og fjölmargar friðlýsingar hofa bera vott um. Mjög skiptar skoðanir eru um hofin og þá aðallega um hvers konar byggingar er að ræða og hvaða hlutverki þau hafi gengt. Nýlegar rannsóknir benda til að hof hafi getið verið allt í senn íveruhús, veisluskáli og hús til guðsdýrkunar.

[**enska**] temple, great building.⁸¹

hrossaborg kv.

[**skilgr.**] Hringlaga byrgi ætlað til skjóls fyrir hross.

[**enska**] round horse shelter.⁸²

hrossgröf kv.

[**skilgr.**] Gröf þar sem hross var grafið.

[**skýr.**] Með hugtakinu er stundum átt við hrosskuml. Þó eru til hrossgrafir úr kristni, oft frá 19. og 20. öld, þar sem eftirlætisreiðhross hafa verið grafin, jafnvel með reiðtygjum og í einstaka tilfalli nálægt eigendum sínum.

[**enska**] horse grave.⁸³

hrosskuml hk.

[**skilgr.**] Gröf hests sem heygður hefur verið með manni í heiðnum sið.

[**skýr.**] Oftast hafa hestar verið heygðir í gröf hins látna en þó hafa fundist sérstök hrosskuml skammt frá mannskumlum. Íslenskir kumlhestar hafa líklega oftast verið skornir á háls en þó er dæmi um að hross hafi verið lostið þungu höggi á ennið.

[**enska**] pagan horse grave.⁸⁴

hrútakofi kv.

[**skilgr.**] Kofi sem hrútar voru geymdir í, aðskildir frá öðru fé.

[**enska**] ram shed.⁸⁵

hundaskýli hv.

[**skilgr.**] Hvers konar bygging, byrgi eða hellir sem hundar voru hýstir inni í.

[**skýr.**] Hundakofar geta verið hlaðin byrgi, t.d. við sæluhús eða jafnvel hellar.

[**enska**] dog kennel, dog house.

huldufólksbústaður kk.

[**skilgr.**] Bústaður huldufólks og/ eða álfa.

⁸⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁸¹ Jón Hnefill Aðalsteinsson: "Norræn trú", 46-51. – *Íslensk orðabók* A-L, 622-623. – Orri Vésteinsson: "'Hann reisti hof mikið hundrað fóta langt ...' Um uppruna *hof*-örnefna og stjórnmal á Íslandi á 10. öld", 53-91.

⁸² Jónas Jónasson: *Íslenskir þjóðhættir*, 474.

⁸³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁸⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁸⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skýr.] Álfar og huldufólk eru ósýnilegar verur sem búa í hólum og klettum. Til forna var gerður greinarmunur á álfum og huldufólki en í þjóðtrú síðari alda rennur þetta saman.

[enska] elf's dwelling place.⁸⁶

[yfirfl.] þjóðtrú.

hænsnakofi kk.

[skilgr.] Kofi fyrir hænur.

[enska] chicken coop.⁸⁷

íshús hk.

[skilgr.] Hús eða skemma sem notað var sem kæligeymsla, einkum fyrir beitu.

[skýr.] Snjór og ís var borinn í íshús á vetrum, vatni gjarnan hellt yfir og látið frjósa í. Hélt þá kuldinn fram á sumar. Til einangrunar voru veggir íshúsa oft úr mjög þykku torfi en þau fóru ekki að tíðkast að ráði, að því er talið er, fyrr en skömmu fyrir aldamótin 1900.⁸⁸

[enska] ice house, cooling storage.

jarðhús hv.

[skilgr.] Göng grafin í jörðu sem nýtt voru sem flóttaleið eða neðanjarðarhýsi sem ekki sáust á yfirborði.

[skýr.] Orðið jarðhús kemur fyrir í 11 Íslendingasögum og -þáttum. Í flestum tilvikum eru jarðhús leynigöng sem liggja frá lokrekkju til árbakka eða útihúsa. Orðið jarðhús er aftur á móti ekki notað í Sturlungu. Nokkur jarðhús hafa fundist á Íslandi og þrjú hafa verið rannsökuð með fornleifauppgreiftri, að Keldum, Hrafnseyri og Reynistað.

[enska] souterrains.⁸⁹

kennimark hv.

[skilgr.] Einkenni, merki og tákn.

[skýr.] Kennimörk geta verið landamerki, leiðarvísar, eyktarmark, minningarmörk og þess háttar. Kennimörk geta verið náttúruminjar ýmis konar, svo sem steinar, klettar, lækir og ár en einnig manngerð mannvirki, svo sem vörður og áletraðir steinar og tré.

[enska] marker.

[undirfl.] landamerki, eyktarmark, minningarmörk.

kirkja kv.

[skilgr.] Guðshús kristinna manna, allt frá heimiliskirkju til sóknarkirkju. Kirkjurnar var yfirleitt að finna nálægt bæjarstæðum.

[skýr.] Á alkirkjum - höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og voru þær prestsskyldar, þ.e. höfðu sinn eigin prest. Á

⁸⁶ Jón Hnefill Aðalsteinsson: "Þjóðtrú", 354.

⁸⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁸⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁸⁹ Guðmundur Ólafsson: *Forn jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi*, 31-32. –

Guðmundur Ólafsson: *Hjálmsstaðir í Laugardal. Jarðhús og hjálmar*, 7-8. - Óbirt grein eftir Þór Hjaltalín sem ber heitið "Factors in the design and development of fortified sites: the case of Souterrains in Iceland and their Irish connection".

hálfkirkjum, þriðjungs- og fjórðungskirkjum var messað annan, þriðja eða fjórða hvern helgan dag eins og nöfnin benda til. Þessar kirkjur heyrðu undir alkirkjuna og kölluðust útkirkjur eða annexíur. Á miðöldum virðast kirkjur hafa verið byggðar úr torfi eða úr timbri og þá reistar að fyrirmynd norsku stafkirknanna. Eftir siðbreytingu var torfið megin-byggingarefnið og í kringum 1700 voru um 30 timburkirkjur eftir í landinu. Á 18. öld voru torfkirkjurnar nær allsráðandi en á 19. öld fara Íslendingar að byggja aftur kirkjur sínar úr timbri, nú með nýjum hætti. Nokkrar kirkjur hafa verið rannsakaðar með fornleifauppgreftri. Ein sú elsta var grafin 1998-1999 að Neðra-Ási í Skagafirði. Er hún talin vera frá því um 1000.

[enska] church.⁹⁰

kirkjugarður kk.

[skilgr.] Kristinn grafreitur, oftast girtur af, yfirleitt umhverfis bænhús eða kirkju.

[enska] christian cemetery.⁹¹

klaustur

[skilgr.] Byggingar sem hýstu samfélag nunna eða munkar undir forystu abbadísar eða ábóta.⁹²

[skýr.] Nokkur klaustur voru á Íslandi í kaþólskum sið, t.d. á Þingeyrum, Skriðuklaustri og Kirkjubæjarklaustri. Klaustur er fremur minjaheild en stakt skráningaratriði sem skráð er á vettvangi. Í sumum tilvikum skráð ef tegund er *heimild* eða *frásögn* og ekki vitað nánar hvaða mannvirki voru á staðnum.

[enska] monastery, convent.

kláfferja kv.

[sh.] kláfur, dráttur.

[skilgr.] Ferja þar sem kláfur var notaður til að flytja fólk yfir stór vatnsföll.

[skýr.] Kaðlar eða vírar voru strengdir yfir vatnsfallið, yfirleitt þar sem skemmst vegalengd var milli bakka. Á þeim lék kláfurinn, trékassi, og var dreginn yfir.⁹³

[yfirfl.] ferja/ferjustaður.

kolagröf kv.

[skilgr.] Gryfja eða gröf sem kol voru gerð í.

[skýr.] Kolagrafir finnast gjarnan nokkrar saman, oft upp af rekafjörum, á skógi vöxnum svæðum eða þar sem skógur hefur verið. Oft eru það sporöskjulaga eða hringlaga dældir með grónum krögum úr torfi í kring.

[enska] charcoal pit.⁹⁴

⁹⁰ Hjalti Hugason: "Kristnir trúarhættir", 100-114. – Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir: *Sauða í Borgarsveit*, 6.

⁹¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁹² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁹³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁹⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

kuml hk.

[**skilgr.**] Legstaður heiðins manns.

[**enska**] pagan burial.⁹⁵

[**yfirfl.**] legstaður.

kumlateigur kk.

[**skilgr.**] Svæði þar sem fleiri en eitt kuml er að finna. Sjá einnig kuml, tvíkuml, hrosskuml.

[**skýr.**] Nokkrir kumlateigar eru þekktir á Íslandi, þeirra þekktastur líklega á Dalvík. Kumlateigur er fremur minjaheild en stakt skráningaratriði sem skráð er á vettvangi. Í sumum tilvikum skráð ef tegund er *heimild* eða *frásögn*.

[**enska**] pagan cemetery.⁹⁶

kvíar kv.

[**skilgr.**] Aðhald eða rétt, torf- eða grjóthlaðin, sem ær voru mjaltaðar í.

[**skýr.**] Kvíar voru yfirleitt hafðar skammt utan túns eða í túnjaðri.

Færikvíar komu til sögunnar á 18. og 19. öld, trégrindur sem voru færðar til í því augnamiði að áburður dreifðist úr skepnunum.

[**enska**] milking pen.⁹⁷

lambhús hk.

[**skilgr.**] Fjárhús sem lömb voru geymd í.

[**enska**] lamb house.⁹⁸

landamerki hk.

[**skilgr.**] Hvers kyns kennimark sem notað er til að afmarka landareignir manna.

[**skýr.**] Landamerki geta verið náttúruleg, t.d. ár og lækir og stundum gildir sjónlína milli sýnilegra kennileita, náttúrulegra eða manngerðra, t.d. steina, þúfna, hóla eða tjarna. Landamerki geta einnig verið manngerð að öllu leyti, t.d. garðlög og skurðir og í seinni tíð girðingar.

[**enska**] boundary marker.⁹⁹

laug kv.

[**skilgr.**] Lind með heitu vatni sem notuð hefur verið til baða eða þvotta.

[**skýr.**] Oft hefur verið hlaðið um laugar til að stýra vatnsrennsli. Dæmi um íslenskar laugar eru Snorralaug í Reykholti og Vígðalaug í Laugardal.

[**enska**] naturally warm pool.¹⁰⁰

legstaður kk.

[**skilgr.**] Staður þar sem fólk hefur verið lagt til hinstu hvílu.

[**enska**] grave.

[**undirfl.**] kuml, dys, gröf.¹⁰¹

⁹⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁹⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁹⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁹⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

⁹⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁰⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

leið kv.

[**skilgr.**] Vegur, gata eða braut fyrir menn, dýr eða farartæki til að fara eftir.

[**enska**] road, way.¹⁰²

leikvöllur kk.

[**skilgr.**] Svæði ætlað til íþróttar eða barnaleikja, þar með talin bú barna.

[**enska**] playground.¹⁰³

lögrétta kv.

[**skilgr.**] Lögréttur voru girðingar sem finna mátti á þingstöðum hreppa fram á 17. öld. Hlutverk þeirra var líklega að afmarka dómstað og hugsanlega einnig að hefta hross þingmanna.

[**skýr.**] Sem örnefni hafa fjölmargar lögréttur og dómhringir varðveist um allt land en dregið hefur verið í efa að þær séu allar á einhvern hátt tengdar fornu þinghaldi. Lögréttur hafa líklega lagst af á 17. öld en þá fóru dómar að færast á sýslumannssetur og þing urðu fámennari.

[**enska**] law courts.¹⁰⁴

matjurtagarður kk.

[**skilgr.**] Afgirt svæði eða gerði, stungið upp og borið á, þar sem matjurtir voru ræktaðar, t.d. kartöflur og rófur.

[**skýr.**] Kálgarðar urðu ekki algengir á Íslandi fyrr en á 19. öld.

Frumkvöðull í íslenskri kálgarðarækt var Gísli Magnússon, kallaður Vísi-Gísli, sýslumaður í Rangárvallsýslu á 17. öld.

[**enska**] vegetable patch.¹⁰⁵

mógröf kv.

[**sh.**] svarðargröf.

[**skilgr.**] Gryfja eftir mótekju. Mór var notaður til eldsneytis allt fram á síðari hluta 19. aldar og jafnvel lengur, t.d. í heimsstyrjöldinni síðari.

Víða sjást ummerki eftir mótekjuna, mógrafir. Móhnausar voru stungnir upp og þurrkaðir, síðan oft raðað upp í móhrauka. Íslenskur mór er einkum gerður úr stara- og mosaleifum.

[**skýr.**] Mógrafir eru nær alltaf í mýrum. Sjá einnig *mór*.

[**enska**] peat mine.¹⁰⁶

mókofi kk.

[**skilgr.**] Kofi til að þurrka og geyma mó.

[**enska**] peat storage.

mylla kv.

[**skilgr.**] Mannvirki sem korn er malað í.

[**skýr.**] Í myllum eru myllusteinar, knúnir áfram ýmist af vindi eða vatni. Á Íslandi urðu myllur býsna algengar á 19. öld, yfirleitt vatnsmyllur. Stundum hafa þær verið reistar á lækjarbökkum en einnig

¹⁰¹ Íslensk orðabók A-L, 881.

¹⁰² Íslensk orðabók M-Ö, 1714-1715.

¹⁰³ Íslensk orðabók A-L, 887.

¹⁰⁴ Adolf Friðriksson, Orri Vésteinsson: "Dómhringa saga", 64-69. - Lýður Björnsson: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi I*, 94-95. Sjá einnig Brynjúlf Jónsson: "Rannsóknir fornleifa sumarið 1907", 14.

¹⁰⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁰⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

þekkist að mjóir skurðir hafi verið grafnir úr lækjum og þannig veitt vatni á mylluhjólið. Þetta var gert til að auka fallhæð vatnsins og fá þannig aukið afl í mylluna.

[enska] mill.¹⁰⁷

[undirfl.] vatnsmylla, vindmylla.

naust hk.

[skilgr.] Mannvirki, með eða án þaks, sem skip og bátar voru geymd í milli róðra eða vertíða.

[skýr.] Naust eru oft bátslaga, niðurgrafnar tóftir í sjávar- og vatnsbökkum sem skip eða bátar voru dregin í. Stundum eru naust kölluð hróf.

[enska] docking shed, boathouse.¹⁰⁸

náðhús kk.

[skilgr.] Útisalerni, náðhús.

[skýr.] Á fyrstu öldum Íslandsbyggðar virðast náðhús vera sérstakar byggingar sem oftast en ekki gátu rúmað nokkra notendur í einu. Þegar á líður verða náðhúsin sambyggð öðrum bæjarhúsum. Lítið er minnst á náðhús í heimildum á 16. öld og fram á 19. öld og virðast þau hafa verið sjaldgæf á Íslandi á þessum tíma. Um miðja 19. öld verður áttak í hreinlæti þess valdandi að víða rísa upp lítil náðhús, sérstaklega þar sem ný timburhús voru byggð.

[enska] latrine, toilet.¹⁰⁹

náma kv.

[skilgr.] Staður þar sem jarðefni hafa verið tekin.

[skýr.] Námur sem teljast til fornleifa á Íslandi eru brennisteinsnámur, mógrafir og torfristustaðir.

[enska] mine.¹¹⁰

nátthagi kk.

[skilgr.] Umgirt svæði sem skepnur, oft kvíær, voru hafðar í, einkum á nóttunni.

[skýr.] Megintilgangur með nátthögum var túnrækt, enda spratt vel undan áburði skepnanna. Oft voru þeir hafðir skammt utan túns og þá hugsaðir sem viðauki við það. Nátthagar urðu líklega ekki algengir fyrr en á 18.-19. öld með aukinni áherslu á áburð og túnrækt.

[enska] night field/night enclosure.¹¹¹

óþekkt

[skilgr.] Notkun ekki þekkt.

[enska] function unknown.

rauðasmiðja kv.

[skilgr.] Mannvirki eða staður þar sem rauðablástur fór fram.

¹⁰⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁰⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁰⁹ Sigríður Sigurðardóttir: "Um náðhús", 69-94.

¹¹⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹¹¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skýr.] Járnvinnsla er talin hafa lagst af á Íslandi á 15. öld og er fátt vitað um rauðasmiðjurnar. Af ritheimildum og fornleifum að dæma hafa smiðjurnar oft verið fjarri bæ, nálægt hráefninu, þ.e. mýrarauda og jafnvel skógi til viðarkolagerðar. Merki um rauðasmiðjur eru yfirleitt aðeins gjall á yfirborði, oftast þar sem jarðvegseyðing hefur herjað á.

[enska] iron smithy.¹¹²

refagildra kv.

[sh.] tófugildra.

[skilgr.] Gildra til að veiða í refi.

[skýr.] Refagildir eru nokkuð misjafnar að gerð en oftast grjóthlaðnir stokkar eða kassar sem hellur hafa verið lagðar yfir og grjóti jafnvel hlaðið þar ofan á. Agn var látið inn í gildruna og tófan þannig tæld inn en þá lokaðist stökkurinn með þar til gerðum lokubúnaði. Áður en eitur, dýrabogar og byssur urðu algeng fyrirbæri hafa refagildir líklega verið eina vopn manna gegn tófunni.

[enska] fox trap.¹¹³

ræsi hk.

[skilgr.] Ræsi er niðurgrafin renna, oft hlaðin að innan og hulin með flötum hellum, sem ætlað er að veita vatni úr híbýlum manna eða skepnuhúsum. Einnig má finna ræsi við vegi.

[enska] drain.¹¹⁴

rétt kv.

[skilgr.] Hvers kyns aðhald til að hemja skepnur.

[skýr.] Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir að skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- eða torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhvers konar. réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldar gerðar en lögréttir stærri og oft marskipt upp í dilka.

[enska] fold.¹¹⁵

sáfar hk.

[skilgr.] Reglulegur, oftast hringlaga niðurgröftur, far eftir sá (kerald).

[skýr.] Sáir hafa oftast verið niðurgrafnir, jafnvel gegnum eldri mannvistarlög. Í sáum voru geymd matvæli, t.d. skyr og súrmatur.

[enska] barrel pit.¹¹⁶

sel hk.

[skilgr.] Bústaður í úthögum eða inn til fjalla þar sem búsmali, aðallega málnytupeningur, var hafður á sumrum.

¹¹² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹¹³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹¹⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹¹⁵ Guðmundur Ólafsson, Orri Vésteinsson: Fornleifaskráning. Skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir. - Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir: *Sauða í Borgarsveit*, 7.

¹¹⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skýr.] Tilgangur með selstöðu var margþættur: Að hlífa heimahögum við ágangi, nýta útbeit og slægjur og jafnvel eftirsókn í kjarnmeiri gróður. Sumstaðar hafa sel verið notuð sem beitarhús á vetrum.

[enska] shieling.¹¹⁷

skáli kk.

[skilgr.] Aflangt hús sem er oft mjórra til endanna en um miðjuna.

Inngangur á framhlið nálægt öðrum enda hússins.

[skýr.] Húsgerð þessi var ráðandi á Íslandi frá landnámi og fram á 14. öld. Fljótlega eftir landnám komu fram breytingar á skálanum, yfirleitt í formi lítillra viðbygginga. Skálarnir voru af ýmsum stærðum, allt frá 10 metra til 36 metra að lengd.

[enska] longhouse

[yfirfl.] hýbýli.¹¹⁸

skemma kv.

[skilgr.] Geymsluhús, meðal algengustu bæjarhúsa.

[skýr.] Í skemmum voru t.d. geymd reipi, reiðingar og amboð.

[enska] storage house.¹¹⁹

skip hv.

[skilgr.] Fljótandi farkostur, fley, bátur.

[skýr.] Skip eru yfirleitt ekki skráð sem fornleifar nema um sé að ræða skipsflak.

[enska] vessel, boat.¹²⁰

skotbyrgi hk.

[skilgr.] Byrgi sem legið var í fyrir ref og e.t.v. öðrum vargi.

[skýr.] Skotbyrgi hafa oft verið hlaðin í námunda við greni. Þau eru yfirleitt rétt mátuleg fyrir einn mann að liggja í.

[enska] hunting shelter.¹²¹

smalakofi kk.

[sh.] smalabyrgi.

[skilgr.] Lítil kofi, hlaðinn úr torfi eða grjóti af smala.

[skýr.] Smalar hlóðu oft slíka kofa til dægrastyttingar eða skýlis í hjásetu.

[enska] shepard shelter.¹²²

smiðja kv.

[skilgr.] Hús þar sem járnsmíðar fóru fram.

[skýr.] Yfirleitt voru til smiðjur á hverjum bæ til að dengja ljái og smíða skeifur og fleira. Stundum er með smiðju átt við rauðasmiðju.

[enska] smithy.¹²³

sofnhús hk.

¹¹⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹¹⁸ Guðmundur Ólafsson, Hörður Ágústsson: *Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins*, 10-11.

¹¹⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²⁰ *Íslensk orðabók* M-Ö, 1326.

¹²¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skilgr.] Hús þar sem korn var þurrkað með sérstökum ofni, sofni.

[skýr.] Sofnhús frá miðöldum fannst við fornleifauppgröft á Gröf í Örafum skömmu fyrir miðja 20. öld.

[enska] kiln house.¹²⁴

stekkur kk.

[skilgr.] Lítil rétt, oftast tvíhólfa, sem notuð var til að skilja sundur ær og lömb að næturlagi um stekkjartímann svo hægt væri að mjalta ærnar. Lambakróin var stundum með þaki.

[enska] weaning fold.¹²⁵

stöðull kk.

[skilgr.] Staður, oft í túnjaðri, þar sem kvíær og kýr voru mjólkaðar útivið.

[skýr.] Stundum hafa verið kvíar á stöðlum en oftast þó engin mannvirki.

[enska] milking place.¹²⁶

sumarfjós hk.

[skilgr.] Hús sem kýr voru hýstar í um nætur að sumarlagi í þeim tilgangi að safna mykju til áburðar.

[skýr.] Sumarfjós voru ekki endilega sérstakar byggingar heldur voru t.d. fjárhús eða önnur útihús notuð sem slík, sem annars stóðu ónotuð á sumrin.

[enska] summer byre.¹²⁷

sæluhús kv.

[skilgr.] Hús gert sem afdrep fyrir ferðamenn, gangnamenn og aðra þá sem átt hafa erindi um óbyggðir.

[skýr.] Sæluhús voru iðulega hlaðin úr torfi og/eða grjóti og oft borghlaðin.

[enska] rest hut.¹²⁸

sögustaður kk.

[skilgr.] Staður þar sem sögulegur atburður hefur átt sér stað án þess að um eiginleg mannvirki sé að ræða.

[skýr.] Hér getur verið um að ræða orrustustaði o.s.frv.

[enska] historical site.¹²⁹

torftökustaður kk.

[skilgr.] Staður þar sem torf var rist eða stungið.

[skýr.] Torf var helsta byggingarefnið á Íslandi fram á 20. öld. Torf er hið seiga, grófa rötarkerfi mýrarplantna sem myndar þetta rötarflækju og er ýmist stungið upp með skóflu (hnausar) eða rist með ljá (torfur

¹²⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹²⁹ Guðmundur Ólafsson, Orri Vésteinsson: Fornleifaskráning. Skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir.

og strengir). Helstu torftökustaði er að finna í mýrum (mýrartorf) og í þétt grónu og rötarmiklu gömlu túni (grundartorf).

[enska] turf cutting place.¹³⁰

[yfirfl.] náma.

traðir kv.ft.

[skilgr.] Gata í túni, oft heimreið, sem hefur verið hlaðið meðfram til beggja hliða til að verja túnið fyrir ágangi manna og skepna.

[skýr.] Hugtakið er sjaldnar notað í eintölu, tröð.

[enska] fenced road.¹³¹

tún hk.

[skilgr.] Grasvöllur umhverfis bæ, fjárhús eða jafnvel stekki sem borið hefur verið á og sleginn.

[skýr.] Stundum hafa tún verið afmörkuð með hlöðnum garði, túngarði. Tún umhverfis býli nefnast heimatún.

[enska] hayfield.¹³²

túngarður kk.

[skilgr.] Garðlag umhverfis tún að hluta eða öllu leyti.

[enska] homefield boundary.¹³³

tvíkuml hk.

[skilgr.] Kuml þar sem tveir menn hafa verið jarðsettir í sömu gröf.

[skýr.] Tvíkuml getur annaðhvort átt við kuml þar sem bæði líkin hafa verið greftruð samtímis eða þar sem annað líkið hefur verið grafið ofan í eldra kuml. Íslensk tvíkuml eru ekki algeng en dæmi um slíkt er þó kuml sem fannst á Kaldárhöfða í Grímsnesi.

[enska] pagan double burial.¹³⁴

tröll (steinrunnin) hk.

[skilgr.] Risi, jötunn eða stórvaxin ómennsk vera í mannsmynd.

[skýr.] Í sumum sögum af tröllum er þess getið að þau hafi "dagað uppi", þ.e. orðið að steini við dagsbirtingu. Oft er bent á sérkennilega steina eða dranga því til sönnunar.

[enska] troll.¹³⁵

[yfirfl.] þjóðtrú.

tröllabústaður kk.

[skilgr.] Bústaður trölla.

[enska] troll's dwelling place.

[yfirfl.] þjóðtrú.

uppsátur hk.

[skilgr.] Staður þar sem hægt er að setja skip (bát) á land.

¹³⁰ Sigríður Sigurðardóttir: *Torf til bygginga*, 3-8, 23.

¹³¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹³² Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹³³ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹³⁴ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹³⁵ Jón Hnefill Aðalsteinsson: "Þjóðtrú", 364-365. - *Íslensk orðabók* M-Ö, 1614.

[skýr.] Nokkurs konar samheiti yfir landingar, stöð, höfn og vör. Nálægt uppsátur er yfirleitt að finna naust eða hróf, þ.e. skýli fyrir bátana.

[enska] landing place.¹³⁶

útihús hk.

[skilgr.] Hvert það hús sem er aðskilið frá bæjarhúsum.

[skýr.] Útihús getur t.d. verið skemma, fjárhús eða smiðja. Orðið er yfirleitt ekki notað um mannvirki í úthögum, s.s. beitarhús.

[enska] outhouse.¹³⁷

útilegumannaminjar kv.

[skilgr.] Minjar og/eða sögustaðir sem tengjast sögnum og öðrum heimildum um útilegumenn.

[skýr.] Útilegumenn voru yfirleitt útlagar – afbrotamenn sem dvöldu í óbyggðum. Miklar sagnir spunnust um útilegumenn og jafnvel heilu útilegumannabyggðir upp á öræfum. Nokkrar minjar hafa fundist á hálendinu sem taldar eru vera minjar útilegumanna, t.d. við Hveravelli og Hvannalindir. Útilegumannaminjar eru fremur minjaheild en stakt skráningaratriði sem skráð er á vettvangi. Í sumum tilvikum skráð ef tegund er *heimild* eða *frásögn*.

[enska] outlaw's dwelling place.¹³⁸

vað hk.

[skilgr.] Staður á vatnsfalli þar sem fært er yfir, ríðandi eða gangandi.

[enska] ford.¹³⁹

varnargarður kk.

[skilgr.] Garðlag, hlaðið til að verjast náttúruöflum, t.d. skriðuföllum og vatnagangi.

[enska] barrier.¹⁴⁰

verbúð kv.

[samheiti] sjóbúð, sjómannabúð, fiskibúð, fiskiskáli, verskáli.

[skilgr.] Búð, íverustaður vermannanna í útveri.

[enska] fishing booth.¹⁴¹

vatnsból hk.

[skilgr.] Staður þar sem (neyslu) vatn er tekið.

[skýr.] Víða var neysluvatnið tekið úr lækjum sem nálægt voru, efndir bæjarlækir en einnig voru lindar nýttar sem vatnsbók. Þar sem illt var um vatn voru grafnar brunnar, sjá einnig *brunnur*.

[enska] spring.¹⁴²

[undirfl.] brunnur.

vatnsmylla kv.

¹³⁶ *Íslensk orðabók* M-Ö, 2002, 1658. - Lúðvík Kristjánsson: *Íslenzkir sjávarhættir* III, 67-89, 444.

¹³⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹³⁸ Jón Hnefill Aðalsteinsson: "Þjóðtrú", 376-377. - *Íslensk orðabók* M-Ö, 1673.

¹³⁹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁴⁰ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁴¹ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁴² *Íslensk orðabók* M-Ö, 1702. - Jónas Jónasson: *Íslenzkir þjóðhættir*, 475.

[skilgr.] Mylla knúin með vatnsafli, sjá mylla.

[enska] water mill.

[yfirfl.] mylla.

vindmylla kv.

[skilgr.] Mylla knúin með vindi, sjá mylla.

[enska] wind mill.

[yfirfl.] mylla.

virki hv.

[skilgr.] Mannvirki gert til að verjast óvinum.

[skýr.] Á tímum Sturlungu virðast virki aðallega hafa verið torfvirki eða grjótvirki og yfirleitt nefnd í tengslum við bæjarhús. Líklega hafa virkin þá þjónað tvennum tilgangi, þ.e. til varnar og sem stöðutákn.

[enska] fortress.¹⁴³

völvuleiði hv.

[skilgr.] Þúfur, þústir, steinar eða hólar sem taldir eru vera leiði völvu.

[skýr.] Völvur voru fjölkunnugar konur sem sögðu fyrir um örlög manna og óorðna hluti. Víða um land, einkum fyrir austan og suðaustan, má finna völvuleiði og fylgir slíkum blettum oft sú sögn að sá sem haldi því við hljóti happ í staðinn.

[enska] sybil's grave.¹⁴⁴

[yfirfl.] þjóðtrú.

vörslugarður kk.

[skilgr.] Garðlag, hlaðið í úthaga til að verja svæði fyrir búfenaði, yfirleitt slægjuland.

[enska] pasture boundary.¹⁴⁵

þjóðtrú kv.

[skilgr.] Trú (alþýðu) á tilveru ýmissa vætta og (dularfullra) fyrirbæra.

[enska] folk belief.

[undirfl.] álagablettur, huldufólksbústaður, tröll, tröllabústaður.

þvottalaug kv.

[skilgr.] Laug sem notuð hefur verið til þvotta að jafnaði.

[enska] warm washing pool.¹⁴⁶

þvottastaður kk.

[skilgr.] Staður þar sem þvottur, ull eða annað (t.d. brennisteinn) var þvegin að jafnaði.

[skýr.] Þvottastaður getur verið lækjarbakki, laug eða brunnhús.

[enska] washing place.¹⁴⁷

öskuhaugur kk.

[sh.] öskuhóll, ruslahaugur.

[skilgr.] Haugur sem myndast þar sem ösku, beinum og öðrum úrgangi er kastað að jafnaði.

¹⁴³ Guðrún Harðardóttir, Þór Hjaltalín: "Varnir heimilis í miðstjórnarlausu samfélagi.", 95-106.

¹⁴⁴ Sigurður Ægisson: "Sagnir og minjar um völvuleiði á Íslandi", 6-8.

¹⁴⁵ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁴⁶ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

¹⁴⁷ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

[skýr.] Öskuhaugar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þar má finna vísbendingar um lífsviðurværi fólks og oft gripi.
[enska] midden, rubbish dump.¹⁴⁸

III.4.3 Aldur

Líta verður á það hvernig menn skrá aldur fornleifanna. Er árabilið skráning á tímabilið sem mannvirkið var byggt, tímabil notkunar eða tímabil sérstakrar þróunar mannvirkis? Hér skal skrá tímabil notkunar.

Aldur fornleifa skal ská sem ártal frá og ártal til. *Ártal frá* stendur fyrir árið sem mannvirkið/viðfangsefnið var tekið í notkun eða skapað og *ártal til* stendur fyrir árið sem hætt var að nota mannvirkið/viðfangsefnið.

Einfaldasta leiðin til að samræma skráningu er að skrásetjara skrái annars vegar **ártal frá** og hins vegar **ártal til** og láta fremur fyrirspurnir í gagnagrunnum flokka niður eftir tímabilum ef það er vilji notandans. Þetta kemur einnig í veg fyrir að notandinn missi af færslum sem í raun ganga þvert á fyrirfram skilgreinda tímabilsskipingu. Við gerum okkur grein fyrir að oft er erfitt að aldursgreina fornleifar í hefðbundinni vettvangsskráningu en við biðjum skrásetjara að reyna eftir fremsta megni að skrá þessar upplýsingar. Aldursgreining á óeiginlegum minjum, svo sem álfasteinum og grettistöfum, er afar erfið ef ekki ómöguleg.

III.4.4 Lýsing

Hér skal koma lýsing á minjum, útliti þeirra og ástandi. Einnig skal koma fram rökstuðningur skrásetjara fyrir einkennum, t.d. hvers vegna hann telji minjarnar vera frá 19. öld og hvers vegna hann telji að hér sé um fjárhús að ræða. Í mörgum tilvikum, sérstaklega þegar um er að ræða skrá yfir mjög gamlar fornleifar, verða upplýsingar um aldur, hlutverk og tegund fornleifa lítið annað en tilgátur skrásetjara. Gera þarf greinarmun á því hvort um tilgátu sé að ræða eða vissu, og hverjar sannanirnar og rökin séu.

III.5 Verndunarmat

Hvað hefur verið gert fram að þessu við minjarnar? Upp á hverju hefur verið stungið? eru þær verndaðar? eru þær í hættu?

Koma þarf fram hvað eða hvort eitthvað hafi verið gert til að vernda fornleifarnar og á vettvangi skal skrásetjari leggja mat á fornleifarnar út frá sjónarmiðum verndunar.

¹⁴⁸ Orðasafn í fornleifafræði 1.0. www.instarch.is/instarch/ordasafn/.

III.5.1 Friðlýsing

Koma þarf fram hvort fornleifarnar njóti friðlýsingar og þá hvenær það hafi gerst.

III.5.2 Ástand

Meta skal á vettvangi ástand fornleifanna með tilliti til eftirfarandi flokka:

Ekki sést til fornleifa. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt eða er hreinlega ekki lengur sjáanleg á yfirborði. Ef um óeiginlegar fornleifar er að ræða þá hefur umhverfið breyst það mikið að ekki er hægt að staðsetja þær út frá umhverfisþáttum.

Illgreinanlegar fornleifar. Fornleifarnar hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða mönnum. Hleðslur útflattar.

Greinanlegar fornleifar. Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.

Vel greinanlegar fornleifar. Fornleifarnar ágætlega greinanlega og upprunalegt lag eða form þeirra sjáanlegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi.

Heillegar fornleifar. Upprunalegt lag og form mjög greinilegt. Ef um hleðslur er að ræða þá standa þær að mestu heilar. Í þennan flokk koma hús með heila veggi og hrunið þak en einnig torfhús sem enn eru undir þaki.

III.5.3 Ef horfin, af hverju?

Ef rústin er horfin eða sést ekki þá skal hér geta um ástæður hvarfsins.

- 1) *undir hrauni:* Rústin hefur horfið undir hraun
- 2) *vegna bygginga:* Rústinni hefur verið mokað burt við byggingaframkvæmdir hverskonar (annarra en vegagerðar) eða byggt á henni/yfir hana. Hér með teljast hafnir, flugvellir, golfvellir og íþróttvellir.
- 3) *vegna vegagerðar:* Rústinni hefur verið mokað burt við vegagerð eða vegur lagður yfir hana.
- 4) *sléttað yfir:* Sléttað hefur verið yfir rústina, henni jafnað út eða mokað burt við jarðrækt, þ.á.m. túnrækt, m. framræslu og skurðgrefti.
- 5) *vegna ræktunar:* Rústin hefur horfið vegna ræktunar, t.d. skógræktar án þess að víst sé að sléttað hafi verið yfir hana.
- 6) *vegna niðurrifs:* Rústin hefur verið rifin og jöfnuð niður í óákveðnum tilgangi (t.d. sem fegrunaraðgerð, til að búa til pláss í hlaði o.s.fr.v.)
- 7) *vegna efnistöku:* Rústin hefur horfið í malarnámi eða annari efnistöku.

- 8) *vegna fyllingar*: Rústin hefur lent undir landfyllingu eða annarskonar fyllingu.
- 9) *vegna rasks*: Rústin hefur horfið af mannavöldum, en óvíst nákvæmlega hverjum. Rústir hafa oft horfið smátt og smátt vegna nálægðar við athafnasvæði.
- 10) *vegna landbrots*: Rústin hefur horfið þar sem land hefur brotið af vegna ágangs sjávar eða vatnsfalla.
- 11) *vegna skriðufalla*: Rústin hefur horfið vegna aurskriða eða snjóflóða
- 12) *vegna uppblásturs*: Rústin hefur blásið upp.
- 13) *vegna vatnsrofs*: Rústin hefur horfið vegna vatnsaga án þess að um landbrot hafi verið að ræða, t.d. verið skolað burt í vatnavöxtum eða hrunið á gilbarmi.
- 14) *vegna áfoks*
- 15) *ekki vitað*

III.5.4 Hættumat

Á vettvangi skal leggja mat á þá hættu sem fornleifarnar eru í. Við hættumatið er gengið út frá eftirfarandi flokkun:

engin hætta: Engin eða mjög lítil augljós hætta er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náinni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Hætta: Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætta á röskun er fyrirsjáanleg.

Mikil hætta: Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

III.5.5 Hættuorsök

Undir þessum lið skal greina af hvaða völdum fornleifunum stafar helst hætta. Í sumum tilvikum hafa sérstakar framkvæmdir, svo sem vegagerð eða byggingar, kallað á fornleifaskráninguna. Í þeim tilvikum einbeitir skrásetjari sér oft að því að meta hættuorsök út frá sjálfri framkvæmdinni. Slík hætta er þó oftast einungis tímabundin. Þó framkvæmdin sé vissulega helsta hættuorsökin þegar skrásetjari gerir skráninguna er brýnt að aðrar, meira langvarandi, hættuorsakir komi einnig fram í skýrslunni t.d. í staðháttalýsingu því skýrslan mun eflaust lifa lengur en framkvæmdatíminn varir. Athugið að hættuorsakir geta verið ein eða fleiri.

- 1) *vegna jarðræktar*: Fornleifar í ræktuðu túni eða fornleifar sem hafa verið sléttaðar undir tún eða aðra jarðrækt.
- 2) *vegna trjáræktar*: Fornleifar á skógræktarsvæðum eða svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.

- 3) *vegna bygginga*: Fornleifar sem eru í hættu vegna fyrirhugaðra húsbygginga, lenda undir hússtæðum eða í næsta nágrenni þeirra þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 4) *vegna efnistöku*: Fornleifar sem eru í hættu vegna grjótnáms eða annarrar efnistöku.
- 5) *vegna vegagerðar*: Fornleifar sem eru í hættu vegna vegagerðar, lenda í fyrirhugaðri veglínu eða næsta nágrenni hennar þar sem vænta má rasks í sambandi við framkvæmdirnar.
- 6) *vegna framkvæmda*: Fornleifar sem eru í hættu vegna framkvæmda annara en vegagerðar og húsbygginga, t.d. virkjana, hafnargerðar, línulagna og breyttrar landnotkunar, s.s. golfvalla og sumarbústaða.
- 7) *vegna rasks*: Fornleifar sem eru í hættu af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.
- 8) *vegna landbrots*: Fornleifar sem eru í hættu vegna landbrots.
- 9) *vegna rofs*: Fornleifar sem eru í hættu vegna uppblásturs eða vatnsrofs.
- 10) *vegna skriðufalla*: Fornleifar sem eru í hættu vegna snjóflóða og aurskriða.
- 11) *vegna jarðsetningar*: Aðeins í kirkjugörðum þar sem vitað er að kirkjur hafa staðið lengi og greftrað hefur verið öldum saman.

III.6 Staðsetning og umfang

Hvar er það? Hvert er umfangið?

Safn upplýsinga sem auðkenna landfræðilega staðsetningu og umfang viðkomandi fornleifa. Eitt af meginhlutverki upplýsinga um staðsetningu fornleifa er að gera mönnum kleift að finna fornleifarnar aftur svo hægt sé að rannsaka þær nánar. Það gefur einnig augaleið að erfitt er að vernda fornleifar sem enginn veit hvar eru.

III.6.1 Hnit

Áherslu skal leggja á að staðsetja fornleifar með hnitum, ÍSNET93.¹⁴⁹ Slíkar upplýsingar geta t.d. framkvæmdaraðilar sett beint inn á skipulagskort sín. Krafa um nákvæm hnit eykst dag frá degi enda landupplýsingakerfi og nákvæm staðsetningatæki farin að vera meira áberandi. Þessi krafa nær einnig til fornleifaskráningar. Skekkjan verður að vera innan 10 metra og skal koma fram hve skekkjan er mikil. Einnig skal koma fram metrar yfir sjávarmáli þó staðsetningatæki séu nokkuð ónákvæmari hvað það varðar. Taka þarf tillit til umfangs fornleifanna, það er til dæmis alls ekki nóg að taka einn punkt fyrir garð eða veg.

Ef fornleifaskráning fer fram vegna deiliskipulags aukast kröfurnar um nákvæmni staðsetningar, sérstaklega í og við framkvæmdarsvæði,

¹⁴⁹ Auðveldlega er hægt að varpa á milli hnitakerfi með hjálp vörpunarforritsins cocodati frá Landmælingum Íslands. <http://www.lmi.is/landmaelingar.nsf/htmlpages/goproweb0268.html>

athafnarsvæði og þar sem breytingar á nýtingu lands eru fyrirhugaðar. Greinanlegar fornleifar skulu uppmældar með nákvæmum hætti, með áherslu á umfang og útlínur fornleifanna. Skrásetjarar hafa oft gert þessar uppmælingar í samvinnu við t.d. sveitarfélög eða verkfræðistofur sem hafa yfir góðum tækjakosti að ráða. Aðrir skrásetjarar hafa nú þegar sjálfir yfir þeirri þekkingu og tækjum að ráða til að gera slíkar uppmælingar. Í dag eru þessar uppmælingar flestar gerðar með mjög nákvæmum GPS-tækjum með skekkju undir 1 metri og jafnvel niður í 1-2 cm.

III.6.2 Heiti svæðis

Hafa verður í huga að eitt af meginmarkmiðum með fornleifaskráningunni er að auðvelda sveitarfélögum og öðrum framkvæmdaraðilum að taka tillit til fornleifa í skipulagsvinnu sinni. Þó hnit séu í flestum tilvikum bestu upplýsingarnar um staðsetningu fornleifa þá er nauðsynlegt að skrá einnig heiti og auðkenni svæðis, þ.e. núverandi heiti jarðar og sveitarfélags ásamt landnúmeri jarðar eða lóðar. Miða skal við stöðu mála þegar skýrslan er gefin út. Þetta er gert til að koma til móts við þá aðila sem ekki hafa komið sér upp þeirri tækni að vinna úr hnitaupplýsingum en einnig til að tengja fornleifar sem ekki er hægt að staðsetja nákvæmlega við skilgreind svæði. Ef fornleifarnar eða minjastaðurinn hefur sérstakt heiti (örnefni) skal það koma fram. Ef skrásetjari hefur upplýsingar um eldri jarðarheiti mega þau gjarnan fylgja með því það getur varpað ljósi á búsetuþróun á svæðinu og gefið hugmyndir um hvers eðlis fornleifarnar eru.

III.6.3 Staðhættir og leiðarlýsing

Skrásetjari skal lýsa staðsetningu fornleifa og staðhättum í kringum fornleifarnar. Þetta má gera með myndrænum hætti og/eða rituðu máli. Einnig skal staka hér fram ef skrásetjari telur að einhver umhverfisþáttur hafi eða muni hafa í náginni framtíð áhrif á fornleifarnar.

III.6.4 Kort

Staðsetning skráðra fornleifa skal birtast á korti eða loftmynd /myndkortu í skýrslunni. Er afar mikilvægt að samræmi sé á milli þeirra korta og þeirra hnita sem birtast við hverjar stakar fornleifar í meginmáli skýrslunnar. Í skýrslu skal einnig vera kort sem sýnir afmörkun skráningarsvæðis og hve stór hluti svæðisins var skoðaður á vettvangi. Þá er gott af hafa kort sem sýnir afmörkun eða staðsetningu skráningarsvæðis út frá Íslands- eða landshlutakorti. Á öllum kortum skal birta norðurpílu og mælikvarða.

III.6.5 Stærð

Skrá skal mesta lengd og breidd fornleifa í metrum ásamt mestri hæð veggja/hledslu. Nauðsynlegt er að það komi fram hversu nákvæm mælingin

var, og hvernig hún fór fram. Til dæmis hvort skrásetjari stikaði fornleifarnar, mældi með málbandi eða tók punkta með nákvæmum staðsetningatækjum. Eftir því sem grunn gögn verða betri í landupplýsingakerfum opnast líka sá möguleiki að fornleifar séu mældar á hnitsettri, uppréttri loftmynd.

III.6.6 Teikning og ljósmynd

Formi fornleifa er best lýst með teikningu. Skrásetjari skal teikna upp fornleifarnar á vettvangi. Á teikningu komi glögg fram breidd veggja, fjöldi hólfa og hlutföll. Þá verður að vera ljóst hvernig fornleifarnar liggja, þ.e. að setja inn áttir (norður-þílu). Einnig skal taka ljósmynd af fornleifunum. Í skýrslum komi fram í myndatexta, í hvaða átt myndin er tekin, hvert er viðfangsefnið, hver tók myndina og hvenær (ár).

III.7 Samantekt

Í lok skýrslunnar skal koma samantekt á fjölda fornleifar, hlutverki þeirra og tegund. Benda skal á þær fornleifar sem eru í bráðri hættu og af hvaða völdum, sérstaklega ef skráningin fer fram vegna framkvæmda, t.d. vegagerðar. Hér hafa skrásetjarar einni gott tækifæri til að benda minjavörslunni og verkkaupum á þær fornleifar sem vert er að gefa sérstakan gaum og jafnvel friðlýsa. Í því sambandi gæti skrásetjari haft eftirfarandi atriði í huga en þetta eru þeir þættir sem Fornleifavernd notar til að meta varðveislugildi friðlýstra fornleifa:¹⁵⁰

Mat á varðveislu	
Úrval	Eru minjarnar einkennandi eða gott dæmi um einhvern minjaflokk eða þróun búsetu í landinu eða á tilteknu svæði? eru minjarnar frávik frá hinu venjubundna sem tengja mætti t.d. við staðbundnar hefðir?
Sjaldgæft	Hér er útgangspunkturinn núverandi friðlýsingarskrá. Til að tryggja skráin spegli fjölbreytileika minja á Íslandi í framtíðinni verður að taka mið af því hversu margar samsvarandi minjar við höfum á friðlýsingarskrá. Við höfum t.d. mörg býli á friðlýsingarskrá en flest þeirra eru frá miðöldum. Kotbýli frá 17. öld myndi þess vegna flokkast sem "sjaldgæft".
Rannsóknar- og heimildargildi	Auðvitað má segja að allar fornleifar hafi eitthvert rannsóknar- og heimildargildi, og því getur verið efit

¹⁵⁰ Byggt meðal annars á *Conservation Plans for Historic Places*, Heritage Lottery Fund, 1998.

	<p>að meta þennan þátt. Hér þarf að ganga út frá því að rannsókn á fornleifunum myndi varpa nýju ljósu á einhvern þátt sögunnar. Til dæmis er rannsóknargildi fjárhúsa frá 19. öld lágt þar sem vitneskja okkar og þekking er mikil á þessari gerð minja.</p>
Upplifun	<p>Fátt byggir meira á huglægu mati skrásetjara en þessi þáttur. Matið þarf að byggja á sjónræna þættinum og fræðslugildi minjanna. Á fólk t.d. auðvelt með að sjá umfang og form minjanna? Er auðvelt að gera sér í hugarlund þær aðstæður og umhverfi sem minjarnar eru sprotnar úr?</p>
Upprunaleiki	<p>Þetta er einfaldlega spurning um hvort minjarnar séu virkilega það sem þær eru sagðar vera með vísun í tíma, rými og hlutverk. Þetta er einn af mikilvægari þáttum matsins en einnig einn af þeim erfiðari því oft á tíðum er ekki auðvelt að meta upprunaleikann með vettvangs-rannsókn og yfirborðsmælingum einum saman. Meta skal minjarnar sem sjást á yfirborði en ekki þær sem hugsanlega liggja undir sverði eða t.d. í neðri lögum bæjarhólsins.</p>
Menningarlandslag / Minjaheild	<p>Gildi minjanna er töluvert meira ef þær hafa varðveist sem hluti af stærra samhengi en sem einangrað fyrirbæri. Hér er bæði verið að tala um minjaheild og nánasta umhverfi. Það gefur auga leið að heilt býli með túngarði, skepnuhúsum og híbýlum hefur meira gildi en stök fjárhús á umferðareyju.</p>
Táknrænt gildi	<p>Sumar menningarminjar og minjaheildir eru mikilvægar í hugum fólks því þær vekja hjá þeim tilfinningu um að minjarnar tilheyri einhverju sérstöku í sögu landsins. Það getur verið hvort sem er á landsvísu eða á mun staðbundnari vísu, og verið jafnt í tengslum við atburð, hefðir eða persónur.</p>
Aðgengi	<p>Friðlýstar minjar eru hugsaðar sem “þjóðminjar” og því mikilvægt að þjóðinni sé gert kleift að nálgast minjarnar. Þarf til dæmis að stökkva yfir skurði, klifra yfir girðingar og vaða yfir tún til að komast að minjunum? Eru landeigendur jákvæðir gagnvart því að ferðamenn komi og skoði minjarnar?</p>
Notkunargildi	<p>Því hefur verið haldið fram að besta leiðin til að vernda minjar sé að nýta þær en nýtingin má þó aldrei ganga svo langt að fornleifar hljóti skaða af. Segja má að allar minjar sé hægt að nýta ef áhugi og skapandi hugsun er fyrir hendi en sumar minjar eru þó betur til þess fallnar en aðrar. Hér þarf að samtvinna nokkra þætti, svo sem upplifun, aðgengi og ásigkomulag en taka inn í myndina hvort nýting minjanna sem í flestum tilvikum væri einhver tenging við ferðaþjónustu eða afþreyingu, væri á skjön við þá starfsemi sem fyrir er og nýtingu svæðis.</p>

Ásigkomulag

Ásigkomulag fornleifanna er mikilvægur þáttur í mati á verndunargildi þeirra. Stefnt skal að því að friðlýstar fornleifar séu í góðu ásigkomulagi með tilliti til aldurs og tegundar. Segjum að við höfum tvær fornleifar, sömu tegundar og frá sama tímabili. Önnur er í góðu ásigkomulagi, hin er illa farin, uppblásin og ógreinileg. Í þessu tilviki myndum við frekar vilja setja fornleifarnar sem eru í góðu ásigkomulagi á friðlýsingarskrána enda stefnan að færa komandi kynslóðum fornleifar í sem bestu ástandi.

III.8 Skil á gögnum

Fornleifaskráningu telst ekki lokið fyrr en Fornleifavernd ríkisins hefur borist skýrslan og fylgigögn með eftirfarandi hætti:

Afhenda skal tvö útprentuð eintök af skýrslunni ásamt eintaki af skýrslunni í stafrænu formi (pdf-skjal eða word-skjal) til Fornleifaverndar ríkisins, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík. Með skýrslunni skal afhenda töflu með eftirfarandi upplýsingum:

- Númer (númer fornleifar í skýrslu)
- Jörð (núverandi jarðarheiti)
- Sérheiti
- Hlutverk
- Tegund
- Aldur frá
- Aldur til
- X hnit (ISNET 93)
- Y hnit (ISNET 93)
- Nákvæmni
- Ástand
- Hættumat
- Hættuorsök

Töflunni má skila sem Shapeskrá, Excel skjali, Access skjali eða textaskjali (.txt). Ef um skráningu vegna deiliskipulags er að ræða skal uppmæling fornleifanna skilað inn sem .dxf skjali eða Shapeskrá í hnitum ISNET93.

Heimildaskrá

Útgefið efni

Adolf Friðriksson, Orri Vésteinsson: "Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar", *Saga XXX* (Rv., 1992), 7-79.

Agnes Stefánsdóttir, Kristinn Magnússon: *Úttekt á manngerðum hellum á Suðurlandi sumarið 2003*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2004 (Skýrslur Fornleifaverndar ríkisins 2004).

Árni Snæbjörnsson: "Framræsla lands - kílræsi", *Freyr* 2002:6 (Rv., 2002), 27-30.

Borgþór Magnússon, Sturla Friðriksson: "Framræsla mýra", *Ráðunautafundur* 1989 (Rv., 1989), 141-159.

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga: *Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð*. Byggðasafn Skagfirðinga, 2007 (Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007:62).

Brynjólfur Jónsson: "Rannsóknir fornleifa sumarið 1907", *Árbók hins íslenska fornleifafjelags* 1908 (Rv., 1908), 9-31.

Conservation Plans for Historic Places. Heritage Lottery Fund, 1998.

Gísli Brynjólfsson: "Úttekt á Stað", *Lesbók Morgunblaðsins*, 17. okt. 1965. 33. tbl., 9.

Gísli Sigurðsson: "Viðey. Stórbúskapur og Milljónafélag", *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. feb., 1983. 5. tbl., 6.

Guðmundur Ólafsson: *Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi. Rannsókn vegna vegagerðar*. Þjóðminjasafn Íslands, Rv., 2001 (Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafnsins 2000).

Guðmundur Ólafsson: *Hjálmaðir í Laugardal. Jarðhús og hjálmar*. Þjóðminjasafn Íslands, 2006, 7 (Rannsóknarskýrslur 2005:8).

Guðmundur Ólafsson, Hörður Ágústsson: *Þjóðveldisbærinn og þróun íslenska torfbæjarins*. Þjóðminjasafn Íslands, Landsvirkjun, Rv., 2003.

Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir: *Sauðá í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags*. Byggðasafn Skagfirðinga, Sk., 2005.

Guðrún Harðardóttir, Þór Hjaltalín: "Varnir heimilis í miðstjórnarlausu samfélagi. Hlutverk virkja og skipu.ags bæjarhúsa í ljósi Sturlungasögu", *Íslenska söguþingið 28. – 31. maí 1997. Ráðstefnurit I* (Rv., 1998), 95-106.

Hjalti Hugason: "Kristnir trúarhættir", *Íslensk þjóðmenning V. Trúarhættir*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Rv., 1988.

Helgi Hallgrímsson: *Lagarfljót. Mesta vatnsfall Íslands. Staðhættir, náttúra og saga*. Skrudda, Rv., 2005.

Hvað er svæðisskipulag? Skipulagsstofnun, Rv., 2000.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Rv., 1998.

Íslensk orðabók A-L. Þriðja útgáfa. Ritstjóri Mördur Árnason. Edda, Rv., 2002.

Íslensk orðabók M-Ö. Þriðja útgáfa. Ritstjóri Mördur Árnason. Edda, Rv., 2002.

Jón Hnefill Aðalsteinsson: "Norraen trú", *Íslensk þjóðmenning V. Trúarhættir*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Rv., 1988. Bls. 46-51.

Jón Hnefill Aðalsteinsson: "Þjóðtrú", *Íslensk þjóðmenning V. Trúarhættir*. (Rv., 1988).

Jónas Jónsson: "Landbúnaður á Íslandi", *Rafræn útgáfa*. Sjá <http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/fbdc911b0ee259d500256cbb005789b4?OpenDocument&Highlight=0,framr%C3%A6sla>

Jónas Jónsson: *Íslenzkir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Rv., 1934.

Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Skipulagsstofnun., Rv., 2005.

Lúðvík Kristjánsson: *Íslenzkir sjávarhættir III*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Rv., 1983.

Lýður Björnsson: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi I*. Almenna bókafélagið, Rv., 1972.

Lög um mat á umhverfisáhrifum 2000/106.

Magnús Óskarsson: "Þættir úr sögu túnræktar", *Freyr* 2004:7-8 (Rv., 2004), 57-83.

Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir: *Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags – Ferli og aðferðir*. Skipulagsstofnun, Rv., 2003.

MIDAS. *A Manual and Data Standard for Monument Inventories*. English Heritage, Swindon, 1998.

NMR Monument Type Thesaurus.

http://thesaurus.english-heritage.org.uk/thesaurus.asp?thes_no=1

Orri Vésteinnsson: ""Hann reisti hof mikið hundrað fóta langt ..." Um uppruna hof-örnefna og stjórnsmál á Íslandi á 10. öld", *Saga XLV:1* (Rv., 2007), 53-91.

Páll Sigurðsson: *Brot úr réttarsögu*. Hlaðbúð hf., Rv., 1971.

Páll Sigurðsson: *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmda*. Bókaútgáfan Skjaldborg, Rv., 1992.

Sigríður Sigurðardóttir: "Um náðhús", *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1996-1997 (Rv., 1998), 69-94.

Sigríður Sigurðardóttir: *Torf til bygginga*. Byggðasafn Skagfirðinga, Skagafirði, 2006 (Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VII).

Sigurður Sigurfinnsson: "Gömul örnefni í Vestmannaeyjum", *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1913 (Rv., 1913), 3-16.

Sigurður Ægisson: "Sagnir og minjar um völvuleiði á Íslandi", *Lesbók Morgunblaðsins* 21. nóvember 1992. 67. árgangur, 41. tölublað, 6-8.

Skipulags- og byggingarlög 1997/73.

Skipulagsreglugerð 1998/400.

Um gerð og framsetningu deiliskipulags. Skipulagsstofnun, Rv., 2002 (Leiðbeiningarblað).

Þjóðminjalög 2001/107.

Óútgefið efni

Bjarni F. Einarsson: Vinnutilhögun fornleifaskráningar. Fornleifafræðistofan, Rv.

Guðmundur Ólafsson, Orri Vésteinsson: Fornleifaskráning. Skilgreining, leiðbeiningar og skráningaraðferðir. Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifastofnun Íslands ses, Rv., 1997.

Samantekt af fundum sem vinnuhópur um stefnumörkun á sviði fornleifaverndar hélt með hlutaðeigandi aðilum vítt og breitt um landið, 2004-2005. Sólveig Georgsdóttir tók saman. Óútgefið. Fornleifavernd ríkisins, 2006.

Óbirt grein eftir Þór Hjaltalín sem ber heitið "Factors in the design and development of fortified sites: the case of Souterrains in Iceland and their Irish connection".

Ítarefni

Agnes Stefánsdóttir. *Skýrslur um fornleifaskráningu. Júní 2006*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2006.

Bell, Tyler and Bevan, Andrew: *A Survey of GIS Standards for the English Archaeological Record Community*. English Heritage, Oxford ArchDigital Ltd., vantar útg.stað, 2004.

Bjarni F. Einarsson: "Um fornleifaskráningu á Íslandi: Upphaf og ástæður", *Sveitarstjórnarmál* 1996:56, 34-39.

Bjarni F. Einarsson: "Um fornleifaskráningu á Íslandi: Skyldur okkar gagnvart fortíðinni", *Sveitarstjórnarmál* 1996:56, 112-116.

Bjarni F. Einarsson: "Fornleifaskráning á Íslandi: nauðsyn þess að standa vörð um sameiginlegan arf", *avs* 1995:16, 59-62.

Catney, Steve: "So what is an event?", *SMR News. The Newsletter of the SMR Software Users Group* 7 (1999), 3.

Centralregistering af stedfæstede fund og fortidsminder. Klassifikation af kulturhistoriske lokaliteter. Nationalmuseet, Kh., 1982 (Centralregistering 6).

Christoffersen, Jørgen: *Datainhold. Baggrund og regler for databased* (C 10). Nationalmuseet, Kh., 1994.

Christoffersen, Jørgen: "The Danish National Record of Sites and Monuments, DKC", *Sites & Monuments. National Archaeological Records* (Kh., 1992), 7-22.

Egill Ólafsson: "15% fornleifa eru skráð", *Morgunblaðið* sun. 5.2.2006.

Foard, Glenn: "What is a Site Event?", *SMR News. The Newsletter of the SMR Software Users Group* 3 (1996), 3.

Ferie, K., and Gilman, P. (eds.): *Informing the Future of the Past. Guidelines for SMRs*. English Heritage, 2000.

Guðmundur Ólafsson: "Recording standards for archaeological field surveys in Iceland", *Our Fragile Heritage. Documenting the Past for the Future* (The National Museum of Denmark, 1999), 75-81.

Guðmundur Ólafsson: *Documentation Standards for Archaeological Field Surveys in Iceland*. Þjóðminjasafn Íslands, Rv., 1995 (Rannsóknarskýrslur Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands II).

Guðmundur Ólafsson og Helgi Þorláksson: *Staða fornleifaskráningar á Íslandi 1995*. Þjóðminjasafn Íslands, Rv., 1995 (Rannsóknarskýrslur Fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands I).

Kulturminner og Kulturmiljøer, plan- og bygningsloven. Riksantikvaren, Oslo, 2001.

Kulturminne og kulturmiljø i konsekvensutgreiingar. Riksantikvaren, Oslo, 2003.

Newman, Martin: *SMR Content and Computing Survey 2002. A Data Services Unit Report*. English Heritage, 2002.

Plan- og bygningsloven som verktøy for kulturminneforvaltning. Riksantikvaren, Oslo, 2006.

Robinson, Ben: "English Sites and Monuments Records - Information, Communication, and Technology", *On the Theory and Practice of Archaeological Computing* (Oxford University Committee for Archaeology, 2000), 89-106.

Sólborg Una Pálsdóttir: "Fornleifafræðileg gögn og landupplýsingakerfi", *Tímarit íslenskra háskólakvænna* 2005:1 (Félag íslenskra háskólakvænna og Kvenstúdentafélag Íslands, Rv., 2005), 7-9.

"Varðveisla fornleifa", *Morgunblaðið* (ritstjóragrein), mán. 6.2.2006.

Viðauki I

Listi yfir þá aðila er fengu drögin til yfirlstrar í janúar 2006:

Adolf Friðriksson	Fornleifastofnun Íslands ses
Agnes Stefánsdóttir	Fornleifavernd ríkisins
Anna Lís Guðmundsdóttir	Minjasafn Reykjavíkur
Birna Lárusdóttir	Fornleifastofnun Íslands ses
Bjarni F. Einarsson	Fornleifafræðistofan
Björn Pétursson	Byggðasafn Hafnfirðinga
Edda Linn Rise	Byggðasafn Árnesinga
Elín Ósk Hreiðarsdóttir	Fornleifastofnun Íslands ses
Frosti Jóhannsson	Þjóðminjasafn Íslands
Garðar Guðmundsson	Fornleifastofnun Íslands ses
Gavin Lucas	Fornleifastofnun Íslands ses
Guðmundur Ólafsson	Þjóðminjasafn Íslands
Guðný Zoega	Byggðasafn Skagfirðinga
Hrefna Róbertsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Inga Sóley Kristjónudóttir	Fornleifavernd ríkisins
Karl Rúnar Þórsson	Byggðasafn Hafnfirðinga
Katrín Gunnarsdóttir	Fornleifavernd ríkisins
Kristín Erla Práinsdóttir	Byggðasafn Árnesinga
Kristín Huld Sigurðardóttir	Fornleifavernd ríkisins
Kristinn Magnússon	Fornleifavernd ríkisins
Kristján Mímisson	Fornleifafræðistofan
Lýður Pálsson	Byggðasafn Árnesinga
Magnús A. Sigurðsson	Fornleifavernd ríkisins
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Byggðasafn Árnesinga
Mjöll Snæsdóttir	Fornleifastofnun Íslands ses
Oddgeir Hansson	Fornleifastofnun Íslands ses
Orri Vésteinsson	Fornleifastofnun Íslands ses/ H.Í.
Oscar Aldred	Fornleifastofnun Íslands ses
Ragnar Edvardsson	Náttúrustofa Vestfjarða - Fornleifadeild
Ragnheiður Traustadóttir	Hólarannsókn/Þjóðminjasafn Íslands
Rúna K. Tetzschner	Þjóðminjasafn Íslands
Sædís Gunnarsdóttir	Fornleifastofnun Íslands ses
Sandra Sif Einaradóttir	Fornleifafræðistofan
Sigríður Sigurðardóttir	Byggðasafn Skagfirðinga
Sigurður Bergsteinsson	Fornleifavernd ríkisins
Steinunn Kristjánsdóttir	Skriðuklausturrannsókn/Reykjavíkuroakademían
Þór Hjaltalín	Fornleifavernd ríkisins
Þorvaldur Böðvarsson	Þjóðminjasafn Íslands
Ragnheiður Þórarinsdóttir	Menntamálaráðuneytið
Gunnar J. Árnason	Menntamálaráðuneytið

Skipulagsstofnun fékk kaflana um skipulagsmál og fornleifaskráningu til yfirlstrar um vorið 2006.

Viðauki II

Listi yfir þá aðila sem fengu drögin til yfirlstrar nóvember 2006:

Fagaðilar:

Adolf Friðriksson
Agnes Stefánsdóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir
Birna Lárusdóttir
Bjarni F. Einarsson
Björn Pétursson
Elín Ósk Hreiðarsdóttir
Frosti Jóhannsson
Guðmundur Ólafsson
Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Guðný Zoega
Hrefna Róbertsdóttir
Inga Sóley Kristjónudóttir
Karl Rúnar Þórssón
Katrín Gunnarsdóttir
Kristín Huld Sigurðardóttir
Kristinn Magnússon
Lýður Pálsson
Magnús A. Sigurðsson
Margrét Hallgrímsdóttir
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
Mjöll Snæsdóttir
Oddgeir Hansson
Orri Vésteinsson
Ragnar Edvardsson
Ragnheiður Traustadóttir
Ragnheiður Þórarinsdóttir
Rúna K. Tetzschner
Sædís Gunnarsdóttir
Sandra Sif Einarisdóttir
Sigurður Bergsteinsson
Steinunn Kristjánsdóttir
Þór Hjaltalín
Þorvaldur Böðvarsson

Skipulagsaðilar:

Anna Guðrún Gylfadóttir
Árni Traustason
Ásbjörn Þorvarðarson
Baldur Tómasson
Bárður Guðmundsson
Bjarki Jóhannesson
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir
Bjarni S. Einarsson
Bjarni Þór Einarsson
Bogi Kristinsson
Bogi Kristinsson
Egill Jónsson

Fornleifastofnun Íslands ses
Fornleifavernd ríkisins
Minjasafn Reykjavíkur
Fornleifastofnun Íslands ses
Fornleifafræðistofan
Byggðasafn Hafnfirðinga
Fornleifastofnun Íslands ses
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðminjasafn Íslands
Minjasafn Reykjavíkur
Byggðasafn Skagfirðinga
Þjóðminjasafn Íslands
Fornleifavernd ríkisins
Byggðasafn Hafnfirðinga
Fornleifavernd ríkisins
Fornleifavernd ríkisins
Byggðasafn Árnesinga
Fornleifavernd ríkisins
Þjóðminjasafn Íslands
Byggðasafn Árnesinga
Fornleifastofnun Íslands ses
Fornleifastofnun Íslands ses
Fornleifastofnun Íslands ses/ H.Í.
Náttúrustofa Vestfjarða - Fornleifadeild
Hólarannsókn/Þjóðminjasafn Íslands
Menntamálaráðuneyti
Þjóðminjasafn Íslands
Fornleifastofnun Íslands ses
Fornleifafræðistofan
Fornleifavernd ríkisins
Skrifstofa Skránnar/Reykjavíkúakademían
Fornleifavernd ríkisins
Þjóðminjasafn Íslands

Byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi
Bæjarverkfræðingur
Byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi
Byggingarfulltrúi

Einar Júlíusson	Byggingarfulltrúi
Einar Norðfjörð	Byggingarfulltrúi
Elís B. Eiríksson	Byggingarfulltrúi
Eyjólfur Þór Þórarinsson	Byggingarfulltrúi
Finnur Birgisson	Skipulagsfulltrúi
Gaukur Hjartarson	Byggingarfulltrúi
Gísli Gíslason	Byggingarfulltrúi
Gísli Gunnlaugsson	Byggingarfulltrúi
Gísli Norðdahl	Byggingarfulltrúi
Guðfinnur G. Þórðarson	Byggingarfulltrúi
Guðjón Sigurðsson	Byggingarfulltrúi
Guðmundur F. Baldursson	Bæjartæknifræðingur
Guðrún Halla Gunnarsdóttir	Skipulagsstofnun
Hafdís Hafliðadóttir	Skipulagsstofnun
Haukur Kristjánsson	Bæjartæknifræðingur
Heiðar Jóhannsson	Byggingarfulltrúi
Helga Bragadóttir	Skipulagsfulltrúi
Hilmar Einarsson	Byggingarfulltrúi
Hjörtur Hans Kolsöe	Byggingarfulltrúi
Jakob Þór Guðmundsson	Byggingarfulltrúi
Jón E. Guðmundsson	Byggingarfulltrúi
Jón Örn Berndsen	Skipulags- og byggingarfulltrúi
Jósavin Gunnarsson	Byggingarfulltrúi
Jökull Helgason	Byggingarfulltrúi
Kjartan Sævarsson	Skipulags- og byggingarfulltrúi
Magnús Sædal	Byggingarfulltrúi
Oddur B. Thorarensen	Byggingarfulltrúi
Ólafur Elvar Júlíusson	Byggingarfulltrúi
Ólafur H. Stefánsson	Byggingarfulltrúi
Ólafur K. Guðmundsson	Byggingarfulltrúi
Ómar Pröstur Björgólfsson	Byggingarfulltrúi
Óttar Guðmundsson	Byggingarfulltrúi
Páll Svavar Pálsson	Byggingarfulltrúi
Pétur Bolli Jóhannesson	Skipulags- og byggingarfulltrúi
Pétur Bragason	Skipulags- og byggingarfulltrúi
Pétur Ingi Haraldsson	Skipulagsfulltrúi
Rolf Árnason	Byggingarfulltrúi
Rúnar Guðmundsson	Byggingarfulltrúi
Rúnólfur Sigurðsson	Byggingarfulltrúi
Sigurður Hlöðversson	Byggingarfulltrúi
Sigurður Jónsson	Byggingarfulltrúi
Sigurður Jónsson	Skipulags- og byggingarfulltrúi
Sigurður Smári Benónýsson	Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skúli Lýðsson	Byggingarfulltrúi
Smári Smáráson	Skipulagsstjóri
Sveinn Pálsson	Byggingarfulltrúi
Sveinn Þórarinsson	Byggingarfulltrúi
Valgeir Kjartansson	Byggingarfulltrúi
Viðar Már Aðalsteinsson	Forstöðumaður skipulagssviðs
Þorsteinn Björnsson	Bæjartæknifræðingur